# FRÉTTABLAÐIÐ

3. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 5. JANÚAR 2016


# Óttast að sorp verði að vanda í Reykjavík

**Formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar segir ákvörðun um að hirða sorp á fjórtán daga fresti í stað tíu daga vera tekna vegna umhverfissjónarmiða. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks segir að með skertri þjónustu við borgarbúa sé hætt við að sorpgeymslur troðfyllist og rusl fjúki um götur.**

**REYKJAVÍK** Um áramótin hækkaði Reykjavíkurborg sorphirðugjald og þá verður sorp hirt sjaldnar, eða á fjórtán daga fresti í stað tíu. Byrjað var að hirða samkvæmt nýju fyrirkomulagi í gær. Hækkun á gjöldum nemur 3.600 krónum fyrir grænar tunnur og 1.800 krónum fyrir bláar tunnur á milli ára.

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, situr í umhverfis- og skipulagsráði og segir ákvörðunina tekna án nægjanlegs undirbúnings. „Að losa sorp sjaldnar er augljóslega skert þjónusta við íbúa, auk þess sem gjöldin eru að hækka. Á sama tíma auðvitað fögnum við því að það sé stefnt að því að fjölga flokkunarmöguleikum og kostum endurvinnslu með plastinu. Það er góð viðbót. Þetta virðist hins vegar ekki hafa verið skoðað með þeim hætti sem nauðsynlegt er. Það liggja ekki fyrir upplýsingar um hvernig er hægt að bregðast við ef sorpið flæðir yfir. Eða eins og í vondum veðrum að það fýkur og dreifist um borgina.“

Júlíus Vífill tilgreinir þann vanda sem íbúar fjölbýlishúsa standa frammi fyrir. „Þegar sorp er hirt sjaldnar þarf að fjölga tunnum. Það er víða ekki pláss í sorpgeymslum fjölbýlishúsa og þær þegar orðnar fullar. Það þarf að gera einhverjar ráðstafanir vegna þessa og mér hefði fundist það eðlilegt að það væru einhverjir valkostir í boði. Við höfum bent á að þegar þjónustan er í höndum einkaaðila verði til sveigjanleiki, en hér í Reykjavík er þjónustan eins og menn þekkja á hendi sveitarfélagsins.“

Júlíus Vífill segir fulla ástæðu til að fylgjast vel með þessum breytingum. „Það þarf ekki mikið til að þetta verði vandamál og ég held að það sé full ástæða til að fylgjast með þeim. Vonandi þá þannig að borgin bregðist við.“

> **Umhverfissjónarmið ráða því að sorpið verður sjaldnar hirt í borginni en áður**
>
> Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingar.



Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs, segir ákvörðunina tekna vegna umhverfisverndarsjónarmiða. Reykjavíkurborg vilji fækka ferðum sorphirðubíla um borgina, þá sé fyrirsjáanlegt að þegar fólk flokki plast sérstaklega frá almennum úrgangi minnki umfang þess. „Þessir stóru sorphirðubílar, þeirra ferðir eru færri í borginni. Þetta verður þá líka til þess að fólk hugsar sig meira um hvað það setur í almennu tunnuna. Það reynir að minnka framleiðslu heimilisins á óendurvinnanlegum úrgangi. Með þessu er Reykjavík að fara í sömu sorphirðutíðni og hin sveitarfélögin. Íbúar sem það vilja geta valið stærri tunnur en þær almennu eða jafnvel minni tunnur, eins og ég geri sjálfur sem nota spartunnuna. Sem er jafnframt ódýrasti kostur á landinu að velja.“ – **kbg**



**Sundlaugargestir í Vesturbæjarlaug höfðu það náðugt eftir hátíðirnar í myrkrinu í gær og spjölluðu saman eða íhuguðu í heitum pottum. Aðrir æfðu sundtökin enda vilja margir efla heilsuna á nýju ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Alexander fer með til Póllands þrátt fyrir verki

„Ég er aðeins verri núna en ég er venjulega," segir landsliðsmaðurinn Alexander Petersson en hann hefur verið þjakaður af meiðslum síðustu ár en ætlar engu að síður að hjálpa landsliðinu á EM í Póllandi. Fyrsti leikur Íslands á mótinu verður 15. janúar þegar leikið verður gegn Noregi.

„Þetta eru meiðsli í fæti sem hafa verið að plaga mig síðustu fjóra mánuði. Ég þarf á hvíld að halda til þess að losna við þessi meiðsli en það er enginn tími til þess að slaka á,“ segir Alexander og brosir. „Læknarnir segja að ég þurfi að hvíla algjörlega í sex til átta vikur. Ég finn þann tíma þegar ég er hættur í handbolta.“

Öxlin hefur einnig verið að plaga Alexander síðustu ár og hann hefur einfaldlega þurft að venjast því að spila með verki og þrautir í öxlinni.

„Ég hef þurft að stýra álaginu. Taka kannski fimm til sex skot í leik í staðinn fyrir að taka fimmtán. Ég er ekki ungur lengur,“ segir hinn 35 ára gamli Alexander.

„Það er orðinn ansi langur tími,“ svarar Alexander, spurður hve lengi hann hefur leikið með verki. Hann þarf að hugsa sig vandlega um þegar hann rifjar upp hvenær hann spilaði síðast handbolta verkjalaus. - **hbg** / sjá síðu 14



**Alexander Petersson, landsliðsmaður í handbolta**

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Neitað um vinnu vegna sjálfsskaðandi hegðunar. 4

**SKOÐUN** Ólafur Arnalds fjallar um búfjársamninga. 12-13

**MENNING** Kristján og Diddú syngja fyrir Vinafélag Söngskóla Sigurðar Demetz. 20-22

**LÍFIÐ** Agent Fresco er nýkomin úr tónleikaferð. 28-30


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




**Í dag** verða austan 5 til 13 metrar á sekúndu og snjókoma með köflum austan til á landinu, en þurrt vestanlands og þar mun sjást til sólar. Frost 0 til 5 stig.
SJÁ SÍÐU 18

## Milljarða ávinningur

**VINNUMARKAÐUR** Í lok árs 2015 voru um 1.900 einstaklingar í starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK en alls hafa rúmlega 9.200 einstaklingar leitað til VIRK frá því að byrjað var að veita þjónustu í lok árs 2009. Alls hafa 5.100 einstaklingar lokið þjónustu, útskrifast, frá VIRK frá upphafi og um 70% þeirra eru virk á vinnumarkaði við útskrift.

1.790 einstaklingar komu nýir inn í þjónustu hjá VIRK á árinu 2015, svo til sami fjöldi og árið 2014. 1.344 einstaklingar luku þjónustu 2015, 26% fleiri en 2014, en þá útskrifuðust 1.066 einstaklingar.

VIRK er í samstarfi við lífeyrissjóði, heilbrigðisstofnanir, félagsþjónustu sveitarfélaga og fleiri aðila og hefur meðal annars unnið með fólki sem hefur misst bótarétt.

Ávinningurinn af starfsemi VIRK á árinu 2014 var metinn á 11,2 milljarða króna. Enn á eftir að meta ávinning ársins 2015 en ljóst þykir að hann verði svipaður. **– kbg**

## Fæddir eftir 2000 fái ekki að kaupa tóbak

**NOREGUR** Norska læknafélagið vill banna sölu á tóbaki til allra sem fæddir eru eftir árið 2000. Formaður félagsins, Marit Hermansen, segir í viðtali við norska fjölmiðla að þetta sé liður í því að búa til tóbakslausa kynslóð. Ekki eigi að banna reykingar. Læknar vilji hins vegar ekki að ungt fólk byrji að reykja.

Hermansen segist gera sér grein fyrir að aðrir geti keypt tóbak fyrir ungt fólk. Takmarkanir hafi samt áhrif. Formaðurinn tekur það jafnframt fram að það séu engin mannréttindi að fá að byrja neyslu á tóbaki og bendir í leiðinni á munntóbaksfaraldur í Noregi. Nú noti 12 prósent stelpna í Noregi munntóbak. **– ibs**

## Vorönnin undirbúin




**Nemendur framhaldsskólanna flykktust í gær í bókaverslanir og á skiptibókamarkaði enda hefst nám á nýju ári í skólum í dag. Á skiptibókamarkaði í versluninni A4 var handagangur í öskjunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Yfir meðallagi ánægð þjóð

**KÖNNUN** Alls eru 78 prósent þjóðarinnar ánægð með líf sitt, samkvæmt nýjum Þjóðarpúlsi Gallup. Það er tólf prósentum meira en ánægja heimsbyggðarinnar.

Sautján prósent Íslendinga eru hvorki ánægð né óánægð en fjögur prósent eru óánægð með líf sitt. Þegar horft er til heimsins alls sést að tíu prósent heimsbyggðarinnar eru óánægð með líf sitt.

Þegar litið er til heimsins telja flestir að hagur þeirra verði betri á árinu 2016 en á árinu sem var að líða, eða 54 prósent. 58 prósent Íslendinga telja hins vegar að hagur þeirra verði svipaður en tæplega þriðjungur telur að hann verði betri. Tíu prósent Íslendinga búast við því að hagur þeirra verði verri á árinu sem nú fer í hönd.

Sextán prósent Íslendinga telja að 2016 verði ár efnahagsörðugleika en 27 prósent telja að það verði ár hagsældar. **– snæ**

# Tortímum okkur ekki sjálf fyrir sleikipinna

**Tryggvi Hansen hefur nú í hálft ár búið í tjaldi í útjaðri Reykjavíkur. Tryggvi segir Íslendinga vanta stjórnmálaflokk og trúarbrögð sem snúist um náttúruna. Hann sér eftir að hafa ekki gert torfhús til að mæta kuldanum en gefst ekki upp.**

**FÓLK** „Ég sakna þess að hafa ekki gert torfhús í sumar,“ segir Tryggvi Hansen sem frá því snemma í fyrrasumar hefur búið í tjaldi í skóglendi í Reykjavík.

Veturinn hefur verið býsna harður á köflum, með kuldum og illviðrum. Tryggvi segir það hafa verið spennandi. „Maður veit aldrei hvernig staðan er þegar maður vaknar. Heimurinn er alltaf nýr þegar veðrið breytist,“ segir hann.

Um þessar mundir er Tryggvi að reyna að ná tökum á gamalli Sólóeldavél sem hann fékk gefins og hægt er að hita með viði. „Það er bakaraofn í henni og ég stefni að því að reyna að baka í ofninum en hef ekki náð honum nándar nærri heitum,“ segir Tryggvi sem samhliða er að gera sér kofa þar sem hann getur haft meiri kyndingu en í tjaldinu.

Tryggvi segist ekkert endilega hafa ætlað að vera í búðunum í vetur og eftir á að hyggja hefði hann betur gert sér torfhús. „Þegar ég er stundum í mínus tíu gráðum hugsa ég að nú væri lúxus að vera ofan í jörðinni í fjórum gráðum eins og músin og ánamaðkurinn sem hafa það fínt,“ segir Tryggvi sem kveðst þó alls ekki vera að guggna á dvölinni í skóginum.

„Nei, ég er í fangbrögðum við náttúruna. Náttúran vill að við glímum við hana – annars verðum við hryggleysingjar,“ svarar Tryggvi sem kveðst telja Íslendinga þurfa nýjan stjórnmálaflokk og ný trúarbrögð.

„Trúarbrögðin heita náttúruunnandi og stjórnmálaaflið heitir náttúrustefna. Og ég auglýsi eftir fólki sem vill koma með mér í þetta. Mér finnst það geta bjargað Íslandi frá mörgum stórum vanda ef við færum meira þá leiðina,“ segir Tryggvi. „Við erum indíánar frekar en stórþjóð. Við eigum ekki að tortíma okkur sjálf fyrir glingur og sleikipinna.“

Tryggvi telur sig vera afkomanda og merkisbera náttúrufólks sem hann segir hafa búið hér tugþúsundum saman. **gar@frettabladid.is**



**Hef gaman af eldinum og er alltaf eitthvað að stússa í kringum hann, segir Tryggvi Hansen.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þegar ég er stundum í mínus tíu gráðum hugsa ég að nú væri lúxus að vera ofan í jörðinni í fjórum gráðum eins og músin og ánamaðkurinn.**
>
> Tryggvi Hansen











**Gólflampi**
Verð áður: 17.900 kr.
▶ **Tilboð: 12.900 kr.**



*Sýningareintak*
**Loftljós**
Verð áður: 55.900 kr.
▶ **Tilboð: 30.000 kr.**



**Útiljós**
Verð áður: 22.500 kr.
▶ **Tilboð: 14.000 kr.**



**Loftljós**
Verð áður: 84.900 kr.
▶ **Tilboð: 55.000 kr.**



*Sýningareintak*
**Gólflampi**
Verð áður: 54.900 kr.
▶ **Tilboð: 30.000 kr.**



**Loftljós**
Verð áður: 109.900 kr.
▶ **Tilboð: 70.000 kr.**



**Vegglampi**
Verð áður: 11.900 kr.
▶ **Tilboð: 7.995 kr.**



**Loftljós**
Verð áður: 29.900 kr.
▶ **Tilboð: 19.000 kr.**



*Sýningareintak*
**Loftljós**
Verð áður: 84.890 kr.
▶ **Tilboð: 50.000 kr.**



**Loftljós**
Verð áður: 9.990 kr.
▶ **Tilboð: 7.500 kr.**

**PFAFF** - GRENSÁSVEGI 13 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 414 0400 - WWW.PFAFF.IS

# Telur Fáfni geta misst eina verkefni sitt eftir uppsögn Steingríms

**VIÐSKIPTI** Hætta er á að uppsögn Steingríms Erlingssonar, forstjóra Fáfnis Offshore, í desember valdi því að samningi fyrirtækisins við sýslumanninn á Svalbarða verði sagt upp. Þetta fullyrðir Ketill Sigurjónsson, sérfræðingur í orkumálum, á vefsvæði sínu, Orkublogginu.

Ketill segist hafa heimildir fyrir því innan úr norsku stjórnsýslunni að í samningi Fáfnis sé ákvæði um að hægt sé að rifta samningnum eftir uppsögn Steingríms. Samningurinn sem hljóðar upp á leigu á þjónustuskipinu Polarsyssel níu mánuði á ári er eina verkefni Fáfnis.

Þá er Jóhannes Hauksson, sjóðsstjóri hjá Íslandssjóðum, dótturfélagi Íslandsbanka, tekinn við stjórnarformennsku í Fáfni af Bjarna Ármannssyni.

Bjarni hafði verið stjórnarformaður frá því í júní. Jóhannes segir Bjarna vera í burtu og að hann hafi því tekið við en Bjarni sitji enn í stjórn Fáfnis. Akur, sjóður sem Íslandssjóðir reka, á 30 prósenta hlut í Fáfni. Þá hætti Per Rolf Sævik, stjórnarformaður Havyard, í stjórn Fáfnis í nóvember. Havyard er skipasmíðafélagið sem byggt hefur skip Fáfnis og á sex prósenta hlut í fyrirtækinu.

> Það verður sagt frá því þegar búið er að klára þau mál.



Jóhannes Hauksson stjórnarformaður Fáfnis

Rúnar Steinn Ragnarsson er starfandi forstjóri Fáfnis samhliða því að vera fjármálastjóri. Spurður hvort leit standi yfir að nýjum forstjóra segir Jóhannes: „Það verður sagt frá því þegar búið er að klára þau mál.“ Jóhannes vildi ekki tjá sig að öðru leyti um málefni Fáfnis. Steingrímur stofnaði Fáfni árið 2012 og á enn 21 prósents hlut í félaginu.

Polarsyssel er dýrasta skip Íslandssögunnar og kostaði ríflega fimm milljarða króna. Fáfnir er með annað dýrara og stærra skip í smíðum, Fáfni Viking, en afhendingu þess hefur verið frestað fram til ársins 2017 vegna erfiðra markaðsaðstæðna. Lífeyrissjóðir eru stórir eigendur í Fáfni í gegnum Akur og Horn II sem Landsbréf, dótturfélag Landsbankans, rekur. **– ih**



**Polarsyssel hefur verið í útleigu á Svalbarða.** MYND/FÁFNIR

## Opnar verslun án afgreiðslufólks

**SVÍÞJÓÐ** Innan skamms verður fyrsta ómannaða verslunin í Svíþjóð opnuð í bænum Viken. Búðin, þar sem seldar verða nýlenduvörur, á að vera opin allan sólarhringinn, alla daga ársins. Viðskiptavinir eiga að geta komist inn í búðina með appi sem tengt er henni.

Dyrnar að versluninni verður hægt að opna með bankakorti. Viðskiptavinir skanna sjálfir vörurnar með farsímanum sínum og fá svo sendan reikning.

Hugmyndina að versluninni fékk stofnandinn Robert Ilijason, sem býr í Viken, þegar hann missti krukku með barnamat í gólfið og þurfti að aka til Helsingjaborgar til að kaupa nýja. **– ibs**



**Hvammstangi er í Húnaþingi vestra.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

## Ósátt við breytt lög um Jöfnunarsjóð

**SVEITARSTJÓRNIR** Byggðarráð Húnaþings vestra mótmælir fyrirhugaðri lagabreytingu sem felur í sér að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs vegna hlutdeildar í sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki verði ráðstafað í samræmi við álagt heildarútsvar ársins 2013. Byggðarráð vekur athygli á að meðalútsvar á landinu árið 2014 var 417.035 krónur. Á sama tíma hafi meðalútsvar í Húnaþingi vestra verið 87.961 krónu lægra, eða 329.074 krónur á íbúa að meðaltali. **– gar**

# Meinað um vinnu í bakaríi vegna lýta á framhandleggjum

**Sautján ára stúlku á Akureyri var neitað um vinnu í bakaríi á Akureyri vegna lýta á handleggjum eftir sjálfskaðandi hegðun. Formaður Sálfræðingafélagsins segir slíkt viðmót geta haft áhrif á batahorfur.**



**Þegar Herdís sagði frá örum á handleggjum sínum missti hún vinnuna sem henni hafði verið boðið.** MYND/SKJÁSKOT AF STÖÐ 2

**SAMFÉLAG** Herdísi Hlíf Þorvaldsdóttur, sautján ára stúlku á Akureyri, var neitað um vinnu í bakaríi sökum þess að hendur hennar eru þaktar örum. Konur á vinnustaðnum klæðast oftast nær stuttermabolum og mátti hún ekki vera í langermabol við vinnu sína. Þegar hún tjáði yfirmanni að hún væri þakin örum á höndum vegna sjálfskaðafíknar var henni vísað á dyr.

Herdís segir þetta vera erfitt að eiga við og að fordómar í samfélaginu séu miklir. „Ég bað um að fá að vera í langermabol en því var hafnað. Ég var spurð út í ástæður beiðni minnar og var hreinskilin. Þá var mér sagt að þetta myndi ekki þýða lengur og var mér vísað á dyr. Ég settist niður og hágrét og fannst þetta mjög leiðinlegt,“ segir hún.

Herdís Hlíf hefur barist við þunglyndi síðustu ár og hefur stundað sjálfskaðandi hegðun frá því árið 2012. Það felst í því að hún hefur skorið sig með rakvélarblöðum frá úlnlið upp fyrir olnboga á báðum höndum og frá mjöðmum niður á læri á báðum fótum.

Hrund Þrándardóttir, formaður Sálfræðingafélags Íslands, segir þessa afstöðu bakarísins vera skýrt merki um fordóma. „Þetta er mjög slæmt. Þarna er verið að vinna í ákveðnum sjúkdómi og það er skellur að fá svona í andlitið. Það er ekki hægt að útiloka það að þetta geti haft áhrif á batahorfur sjúklingsins,“ segir Hrund. „Það er ekkert sem segir að hún sé verri starfskraftur og því fáránlegt að meina henni um vinnu vegna þessa.“

Hrund segir íslenskt samfélag

> Ég var spurð út í ástæður beiðni minnar og var hreinskilin. Þá var mér sagt að þetta myndi ekki þýða lengur og var mér vísað á dyr.



Herdís Hlíf Þorvaldsdóttir

ekki horfa rétt á andlega kvilla. „Við lítum þetta ekki sömu augum. Það er miklu meiri skilningur á líkamlegum en andlegum kvillum. Við erum aftarlega þegar fólk þarf að leita sér aðstoðar. Engar niðurgreiðslur svo baklandið fyrir ungt fólk er það lítið að það hefur ekki efni á að sækja sér aðstoð. Það er svo síst til þess að bæta stöðuna hjá þessu fólki.“

Herdís segir sjálfskaðandi hegðun vera falið vandamál sem fjölmörg íslensk ungmenni glími við. Hún vill að sín reynsla verði öðrum víti til varnaðar. Þess vegna vill hún opna á umræðuna.

„Ég náði til dæmis að fela þetta í heilt ár fyrir öllum. Það er mikilvægt að opna á umræðuna. Það er lítið talað um þetta, ekkert í skólum og svoleiðis, það er engin fræðsla. Það þarf að tala um þetta,“ segir Herdís. **sveinn@frettabladid.is, thorhildur@stod2.is**


# 30% AFSLÁTTUR



BRÉFABINDI
7 CM KJÖLUR
VERÐ 384 KR.
Verð áður: 549 kr.
Penninn Eymundsson
Sími: 540 2050 | pontun@penninn.is
Tilboðsverð gildir út janúar 2016. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.


## Árið byrjar illa á hlutabréfamörkuðum

**VIÐSKIPTI** Fyrsti viðskiptadagur ársins í kauphöllum víðsvegar um heiminn fór ekki vel af stað. Kauphöllunum í Sjanghæ og Shenzhen var lokað í gær eftir skarpar verðlækkanir. Vísitalan í Kauphöllinni í Sjanghæ lækkaði um 6,9 prósent og verðlækkunin í Shenzhen varð átta prósent, en þar eru mörg tæknifyrirtæki skráð. Hlutabréfaviðskipti voru til að byrja með stöðvuð í 15 mínútur eftir fimm prósenta verðfall en þegar verðfallið hélt áfram var ákveðið að loka Kauphöllinni snemma.



**Mörkuðum var lokað eftir miklar verðlækkanir í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lokunin er í samræmi við nýjar reglur sem innleiddar voru í desember til að hindra of hratt verðfall í kjölfar mikilla verðlækkana í sumar á kínverskum hlutabréfamarkaði.

Markaðir í Evrópu og Bandaríkjunum brugðust í kjölfarið við lækkununum. Í Bretlandi lækkaði FTSE 100 um tvö prósent, virði hlutabréfanna lækkaði þá um sem nemur 7.300 milljörðum króna. Hlutabréf í Þýskalandi lækkuðu enn frekar, eða um 3,8 prósent. Þá lækkuðu Dow Jones, S&P 500 og Nasdaq vísitölurnar á Wall Street um tvö prósent við opnun.

Sömu sögu er að segja frá Asíu þar sem Nikkei 225 vísitalan í Japan lækkaði um 3,1 prósent og Hang Seng í Hong Kong lækkaði um 2,6 prósent.

Fréttastofa BBC segir að eina af ástæðum verðfallsins megi rekja til þess að menn hafi áhyggjur af kínverskum iðnaði eftir framleiðsluvísitalan var birt.

Lækkunin víða um heim virðist ekki hafa haft áhrif á viðskipti í Kauphöll Íslands. Þar nam heildarvelta gærdagsins 9,5 milljörðum, þar af voru 4,2 milljarðar í hlutabréfaviðskiptum. Lítið var um lækkanir, VÍS lækkaði mest, eða um 0,99 prósent í 75 milljóna viðskiptum. **– sg**




# NÝR FORD FIESTA

› Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Upplifðu frábæra akstursseiginleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu**

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.740.000** KR.

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta er nýi besti vinur þinn: Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




## Vetur í Austurríki



Það er vetrarríki víðar en á Íslandi þessa dagana. Þessi kona sem stödd var við Schönbrunn-höllina í Vín í Austurríki virtist þó ekki kunna illa við sig, þar sem hún spígsporaði um í snjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Minnkuðu hópinn við forföll stjórnarmanna

**Er nokkrir meðlimir stjórnar Orkuveitunnar boðuðu forföll í vinnuferð til Danmerkur var stjórnendum í hópnum fækkað því að markmið ferðarinnar myndu ekki nást að fullu. Ferðin kostaði OR 1,7 milljónir króna fyrir þá sem fóru ekki.**

**ORKUVEITAN** Skyndileg forföll stjórnarmanna í vinnuferð Orkuveitunnar til Danmerkur urðu til þess að tilgangur ferðarinnar náðist ekki að fullu.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á aðfangadag greiðir Orkuveitan 1.690 þúsund króna ferðakostnað fimmtán manna hóps sem fór ekki í áður ákveðna vinnuferð til Danmerkur í lok september. Aðeins tíu fóru utan.

„Megintilgangur ferðarinnar var að reka smiðshöggið á sameiginlega stefnumótun stjórna í hinni nýju samstæðu OR. Um er að ræða viðamikið og flókið verkefni sem unnið hefur verið að um árabil. Var því lagt upp með að fara með allan hópinn til tveggja daga vinnulotu til þess að tryggja samfellu og sameiginlega ákvarðanatöku,“ segir í svari frá Eiríki Hjálmarssyni, upplýsingafulltrúa Orkuveitunnar.

Að sögn Eiríks hefur auk stefnumótunarinnar verið unnið að innleiðingu svokallaðrar „beyond budgeting“ hugmyndafræði í rekstri OR samstæðunnar. Sú hugmyndafræði kalli á ákveðna afstöðubreytingu til rekstrarins.

„Því er mikilvægt að stjórn og stjórnendur séu samstiga og tileinki sér þekkingu á aðferðinni. Í ferðinni átti að gefa stjórnarmönnum og lykilstjórnendum tækifæri til að fara sameiginlega yfir grundvallaratriði „beyond budgeting“ og áform OR í því sambandi,“ segir Eiríkur. Háttsettir starfsmenn flutninga- og orkufyrirtækisins Mærskem kynntu innleiðingu og áhrif „beyond budgeting“ fyrir fulltrúum OR.



Orkuveita Reykjavíkur greiddi nærri 3,6 milljónir fyrir vinnuferð til Danmerkur, þar af 1,7 milljónir fyrir hóp sem fór ekki utan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ferðin er talin hafa verið gagnleg þótt ekki hafi öllum markmiðum hennar verið náð.
>
> Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar

Eiríkur segir að vinnudagur af þessum toga hafi verið til umræðu hjá stjórn OR í júní í sumar. Sérstök kynning á „beyond budgeting“ hafi verið á stjórnarfundi 24. ágúst. Þá hafi verið rætt um fyrirhugaðan haustfund stjórna samstæðu OR, sem gert væri ráð fyrir að yrði dagana 28. og 29. september.

„Í aðdraganda fundarins, eftir að búið var að bóka ferðir og aðstöðu til fundarhalda, boðuðu nokkrir stjórnarmenn forföll. Þá þótti sýnt að ekki næðist að komast eins langt með verkefnið í ferðinni og til stóð og var þá fundarmönnum úr hópi stjórnenda innan OR samstæðunnar einnig fækkað,“ útskýrir Eiríkur.

Aðspurður hví ekki hafi alfarið verið hætt við ferðina svarar Eiríkur að ferðin hafi verið gagnleg þótt öllum markmiðum hennar hafi ekki verið náð. „Verkefnið með þróun fjárhagsáætlunarvinnunnar gekk þannig prýðilega,“ segir hann.

Á stjórnarfundi 5. október, eftir ferðina til Danmerkur, var síðan ákveðið að halda sérstakan stefnumörkunarfund 16. október. gar@frettabladid.is


ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
Stórafsláttur af völdum úrum
frá þessum vörumerkjum í verslunum okkar á Laugavegi 15 og Kringlunni
Gildir ekki á michelsen.is
Diesel 60% afsláttur
Michael Kors 60% afsláttur
TW Steel 60% afsláttur
Armani 50% afsláttur
Obaku 30% afsláttur
Klaus Kobec 60% afsláttur
Zeitner 60% afsláttur
Jorg Gray 70% afsláttur
DKNY 60% afsláttur
D&G 60% afsláttur
Fossil 60% afsláttur
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegi 15 og Kringlunni - sími 511 1900 - www.michelsen.is

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

## Skoðaðu úrvalið á bilaland.is

**ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN**




PORSCHE CAYENNE S HYBRID
Nýskr. 08/14, ekinn 10 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 283286.

**Glæsilegur bíll 15.900 þús.**



TOYOTA RAV4 GX PLUS
Nýskr. 06/14, ekinn 38 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 5.090 þús.**
Rnr. 283236.



RENAULT CLIO SP TOURER
Nýskr. 12/11, ekinn 116 þús km. dísil, beinskiptur.
**VERÐ kr. 1.290 þús.**
Rnr. 320464.



NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 06/14, ekinn 19 þús km. dísil, beinskiptur.
**VERÐ kr. 2.390 þús.**
Rnr. 131551.



MERCEDES BENZ B 220 CDI
Nýskr. 05/14, ekinn 29 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 4.690 þús.**
Rnr. 283245.



HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 05/14, ekinn 73 þús. km. bensín, beinskiptur.
**VERÐ kr. 2.190 þús.**
Rnr. 283096.



DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 05/14, ekinn 106 þús. km. dísil, beinskiptur.
**VERÐ kr. 2.490 þús.**
Rnr. 283268.

**bílaland**

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is






**Ákvörðun um loðnukvóta liggur ekki fyrir enn þá.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Kolsvart útlit á markaði

**Sérfræðingur í markaðsmálum segir horfur í sölu á loðnuafurðum mjög dökkar. Gríðarlegir hagsmunir eru undir fyrir fólk, fyrirtæki og samfélagið sem heild. Markaðir fyrir makríl hafa fundist í Afríku og Mið-Asíu, en verð er lágt.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Söluhorfur á loðnuafurðum, bæði á heilfrystri loðnu og loðnuhrognum, eru mjög dökkar vegna viðskiptabanns Rússa. Betur gekk en útlit var fyrir að finna ný markaðslönd fyrir hluta af þeim makríl sem eyrnamerktur var Rússum.

„Það er verulegt áhyggjuefni hvernig sala á loðnu og loðnuhrognum mun þróast. Rússland og Hvíta-Rússland eru þar afar mikilvægir markaðir, og engir aðrir markaðir koma í staðinn fyrir þá,“ segir Teitur Gylfason, sölustjóri hjá Iceland Seafood.

Í sumar voru helstu áhyggjurnar af sölu á makríl. Leitin að kaupendum gekk vonum framar, að sögn Teits, sem telur þó að enn meira hafi verið brætt af makríl en hann átti von á, enda markaðir sterkir fyrir mjöl og lýsi. „Mér sýnist að það hafi verið framleitt mun minna af frosnum makrílafurðum á síðustu vertíð en árin á undan, sem stafar af því að menn nýttu rýmri heimildir til bræðslu.“

„En það gekk betur að selja makríl til Afríku en menn áttu von á. Þetta er t.d. Fílabeinsströndin, Gana, Gabon og Benín. En frá þessum löndum fer hann vísast víðar. Síðan seldum við verulegt magn til Tyrklands og Mið-Asíu. Makríll er þekktur matfiskur um allan heim og ekki endilega mjög flókið að kynna hann nýjum kaupendum. Það er fyrst og síðast spurningin um verð, sem hefur lækkað verulega.“

> **Það er verulegt áhyggjuefni hvernig sala á loðnu og loðnuhrognum mun þróast. Rússland og Hvíta-Rússland eru þar afar mikilvægir markaðir, og engir aðrir markaðir koma í staðinn fyrir þá**



Teitur Gylfason, sölustjóri hjá Iceland Seafood.

Teitur segir að makríllinn hafi helst verið í brennidepli varðandi markaðsmálin í Rússlandi, og það þrátt fyrir að markaðurinn með loðnu sé eins viðkvæmur og raun ber vitni. Loðnuhrogn hafi t.d. skilað gríðarlegum verðmætum inn í samfélagið.

„Síðan hefur verð á sjófrystum karfa snarfallið, en Rússland var langmikilvægasti markaðurinn fyrir þá afurð. En menn láta eins og þetta sé ekkert mál af því að makríllinn seldist. Ef við værum með stóra síldarkvóta værum við í miklum vandræðum því Rússland er langmikilvægasti síldarmarkaður í heimi. Það má ekki gleyma því að Rússland er eitt fjölmennasta ríki heims og fiskneysla er óvíða meiri,“ segir Teitur og bætir við að það sé sérstakt áhyggjuefni að ekki sé hægt að koma karfa í verð; hann hafi verið seldur héðan um allan heim um og eftir 1980 og því þekkt vara. Samt sé engin eftirspurn eftir karfa.

**svavar@frettabladid.is**

### Bannið framlengt

- Viðskiptabann Evrópusambandsins og Bandaríkjanna á Rússland, sem íslensk stjórnvöld styðja, var framlengt í árslok um sex mánuði en til stóð að það félli niður í lok janúar.
- Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur fullyrt að ekki komi til greina að endurskoða afstöðu Íslendinga gagnvart viðskiptaþvingununum. Eins og er kunnugt er afstaða stjórnvalda harðlega gagnrýnd af fulltrúum fyrirtækja og samtaka í sjávarútvegi, enda Rússlandsmarkaður einn af mikilvægustu mörkuðum Íslands fyrir frystan uppsjávarfisk; loðnu-, síldar- og makrílafurðir.
- Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi segja þátttöku Íslands einungis táknræna og Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri SFS, hefur hvatt til að afstaða Íslands verði endurskoðuð.

# Vilja að Svíar prófi borgaralaun

**FINNLAND** Sérfræðingar sem leggja eiga grunninn að tilraun finnskra stjórnvalda til að koma á borgaralaunum segja í aðsendri grein í Sænska dagblaðinu að það yrði ánægjulegt ef Svíar myndu sjálfir gera slíka tilraun eða taka þátt í þeirri finnsku.

Um er að ræða skilyrðislausa grunnframfærslu sem felur í sér að allir fá greidda lágmarksupphæð frá ríkinu. Bótakerfi verða aflögð og þar með sparast vinna opinberra stofnana. Vinnutekjur leggjast ofan á borgaralaunin. Ekki er gert ráð fyrir neinum skerðingum.

Áætlun um fyrirkomulagið á að liggja fyrir í Finnlandi í nóvember á þessu ári. Tilraunin á að standa yfir í eitt ár og hefjast árið 2017. Rætt er um að borgaralaunin muni nema um 800 evrum á mánuði eða sem samsvarar 112 þúsundum íslenskra króna.



**Vinnutekjur leggjast ofan á borgaralaun án nokkurra skerðinga.** NORDICPHOTOS/AFP

Sérfræðingarnir benda á að margar tilraunir hafi verið gerðar með borgaralaun, einkum í þróunarlöndum. Nefna þeir Indland og Namibíu í því samhengi. Jafnframt benda þeir á tilraunir sem gerðar voru í Bandaríkjunum og Kanada á áttunda áratug síðustu aldar. Niðurstöðurnar hafi verið áhugaverðar en ekki sé beinlínis hægt að nýta þær í norrænum nútímasamfélögum.

Í Hollandi er í fjórum borgum ráðgert að láta tilraunahópa, sem fá framfærslustyrk frá sveitarfélögum, fá borgaralaun í staðinn. Meta á síðan virkni þessara borgara í kjölfarið.

Á Íslandi hafa þingmenn Pírata lagt fram þingsályktunartillögu um borgaralaun eða skilyrðislausa grunnframfærslu. **– ibs**



VIÐ ERUM FLUTT
AVIS bílaleiga hefur flutt leigustöð sína að Holtagörðum í Reykjavík.
AVIS
HOLTAGARÐAR
HOLTA-
GARÐAR
HOLTAVEGUR
SÆBRAUT
SKÚTUVOGUR
avis.is
591 4000
AVIS Bílaleiga

# Danir vakta landamæri við Þýskaland

**Næstu tíu dagana ætla Danir að halda uppi landamæraeftirliti við landamæri Þýskalands. Þetta er svar Dana við landamæraeftirliti Svía, sem hófst í gær. Lögreglan mun taka stikkprufur frá hluta þeirra sem ferðast yfir landamærin í stað þess að stöðva alla vegfarendur.**




**Öryggisverðir skoða skilríki fólks á lestarstöðinni við Kastrup-flugvöll í Kaupmannahöfn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**DANMÖRK** Danska stjórnin hefur ákveðið að taka upp eftirlit á landamærum Þýskalands. Þetta er gert í beinu framhaldi af landamæraeftirliti Svía við Eyrarsundsbrúna, sem hófst í gær.

Til að byrja með stendur einungis til að hafa eftirlit við landamæri Þýskalands í tíu daga, en framlenging er sögð hugsanleg.

Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, skýrði frá þessu í gær, en tók jafnframt fram að landamæraeftirlitið færi þannig fram að gerðar yrðu stikkprufur.

„Lögreglan mun sem sagt ekki biðja alla um að sýna vegabréf,“ sagði hann á blaðamannafundi í gær.

Sænska eftirlitið fer þannig fram að allir, sem ferðast með járnbrautarlestum, langferðabifreiðum eða ferjum frá Danmörku til Svíþjóðar eru krafðir um skilríki.

Hvern dag ferðast nærri níu þúsund manns frá Kaupmannahöfn yfir Eyrarsundsbrúna til Malmø í Svíþjóð.

Margir þeirra búa öðrum megin brúarinnar en sækja vinnu eða skóla hinum megin. Landamæraeftirlitið veldur nú verulegum töfum á ferðum þeirra dag hvern.

Einn þeirra, hinn 18 ára gamli Andreas Poulsen, sagðist í viðtali við danska ríkisútvarpið í gær búast við miklu öngþveiti á landamærunum. Hann hefði því ákveðið að halda af stað hálftíma fyrr en venjulega: „Venjulega nota ég þennan hálftíma á morgnana til að borða morgunmatinn.“ Hann býr í Kaupmannahöfn en stundar nám í Malmø.

> **Lögreglan mun sem sagt ekki biðja alla um að sýna vegabréf.**
>
> Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur

Einungis Þjóðverjar hafa tekið við fleiri flóttamönnum en Svíar, en ef miðað er við höfðatölu þá hafa Svíar tekið við fleiri flóttamönnum en nokkurt annað Evrópusambandsríki.

**160** **þúsund manns sóttu á síðasta ári um hæli í Svíþjóð.**

Frá því í september hafa 90 þúsund manns farið yfir landamærin frá Þýskalandi til Svíþjóðar, en 13 þúsund þeirra hafa haldið kyrru fyrir í Danmörku og óskað eftir hæli þar.

Sænska landamæraeftirlitið er gert til þess að stöðva flóttamannastrauminn frá Danmörku til Svíþjóðar, á síðasta ári sóttu um það bil 160 þúsund manns um hæli í Svíþjóð.

Í staðinn ætla Danir að draga úr flóttamannastraumnum frá Þýskalandi til Danmerkur.

Þýska stjórnin hefur verið ósátt við þetta landmæraeftirlit, bæði af hálfu Svía og Dana.

Svíar og Danir hafa einnig deilt um hvorir eigi að bera kostnaðinn af eftirlitinu við Eyrarsundsbrúna, Danir eða Svíar.

gudsteinn@frettabladid.is





## Toyota Kauptúni leitar að öflugum stjórnanda á málningar- og réttingaverkstæði

**Við leitum að vinnusömum, metnaðarfullum og framsæknum einstaklingi í krefjandi og spennandi framtíðarstarf á málningar- og réttingaverkstæði okkar.**

### Starfssvið
- Undirbúningur og útdeiling viðgerðaverkefna
- Daglegt skipulag og stjórnun á verkstæðinu
- Tilboðsgerð og samskipti við viðskiptavini
- Samskipti við birgja
- Skýrslugerð og frágangur reikninga
- Önnur verkefni tengd rekstrinum

### Hæfniskröfur
- Stjórnunarhæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og góð fyrirmynd
- Stundvísi, ósérhlífni og sveigjanleiki
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi
- Menntun innan bílgreina er æskileg

Vinnutími: Mánudaga – fimmtudaga kl. 08:00 – 17:00 og föstudaga kl. 08:00 – 15:30.

Í húsnæði Toyota, Kauptúni 6 í Garðabæ, er glæsileg starfsmannaaðstaða, fullkomið mötuneyti, þægilegt vinnuumhverfi og frábærir vinnufélagar.

Toyota á Íslandi er innflytjandi Toyota bifreiða, vara- og aukahluta. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota. Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota á Íslandi. Hverri áskorun er tekið fagnandi hendi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem viðkemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

**Umsóknarfrestur rennur út laugardaginn 16. janúar 2016.**

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is, merkt viðkomandi starfi .
Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir gegnum netfangið fanny@toyota.is




# Kynningarfundur í kvöld kl. 20 í verslun 66°NORÐUR í Faxafeni 12.

Náttúruhlaup sameina mikla hreyfingu, útivist og náttúruupplifun og eru góð leið til að sjá landið á nýjan hátt. Átta vikna námskeið þar sem þátttakendur fá fræðslu, æfingaáætlun og leiðsögn þaulreyndra hlaupara og kynnast spennandi hlaupaleiðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. **Námskeiðið hefst 9. janúar.**

- Hlaupaþjálfun og leiðsögn á vegum Arctic Running. Skipt í hópa eftir getu.
- Þjálfarar eru Elísabet Margeirsdóttir, Birkir Már Kristinsson, Gunnur Róbertsdóttir og Helga Þóra Jónasdóttir.

Fyrir skráningu og frekari upplýsingar skoðið www.natturuhlaup.is, sendið tölvupóst á info@arcticrunning.is.

---



**Grettir Hlaupabuxur**
Léttar hlaupabuxur sem anda vel.
Herra- og dömusnið. **Verð 9.900 kr.**



**La Sportiva Helios hlaupaskór**
Léttir hlaupaskór sem eru hannaðir fyrir hlaup á slóða og götu. **Verð 23.900 kr.**



**66°Norður hlaupavesti**
Aðsniðið hlaupavesti með endurskini.
Kemur í herra- og dömusniði.
**Verð 7.200 kr.**

## Tímaskekkjan



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Engar breytingar á íslenska dómskerfinu urðu á síðasta ári. Nefnd skilaði af sér fullbúnu frumvarpi að beiðni ráðherra í febrúar, ráðherra taldi í kjölfarið eitthvað þurfa að eiga við það, sem ekki er óeðlilegt. En ekkert bólar enn á neinu því sem þar er lagt til, þrátt fyrir að í frumvarpinu sé að finna afar brýnar endurbætur á réttarkerfinu.

Í Fréttablaðinu í gær ritaði Róbert Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, grein þar sem hann veltir fyrir sér íslensku dómskerfi. Í greininni nefnir hann nokkur atriði sem betur mega fara, sum sem finna má í frumvarpinu, önnur ekki og sumum réttarbótanna mætti hrinda í framkvæmd án lagabreytinga.

Róbert gerir stofnun millidómstigs að sérstöku umfjöllunarefni. Hann segir að þó að einfaldleiki dómskerfisins, sem nú er tvískipt, geti verið kostur, þá séu á því gallar sem vega þyngra. Þar á meðal sá að málafjöldi í Hæstarétti – áfrýjunardómstólnum – sé of mikill. „Vegna málafjöldans og þeirrar nauðsynjar að viðhaldið sé hæfilegum málshraða situr fordæmis- og samræmingarhlutverk réttarins á hakanum,“ segir Róbert. Flest mál eru dæmd af þremur dómurum og niðurstöður því jafnan verulega atviksbundnar. Það skapi réttaróvissu.

Þessi praktísku rök eru ekki þau einu sem Róbert nefnir til stuðnings millidómstigi. Hann segir að í tilvikum sakamála sem skotið er til Hæstaréttar fari öll sönnunarfærsla fram í héraðdómi. „Í flestum sakamálum er það sönnunarfærslan sem öllu máli skiptir og þá munnleg og milliliðalaus sönnunarfærsla í formi framburða ákærðu og vitna. Flest vestræn dómskerfi veita ákærðum mönnum, sem sakfelldir hafa verið á fyrsta dómstigi, kost á fullri endurskoðun á áfrýjunarstigi. Slíku er ekki til að dreifa hér á landi og það er tímaskekkja. Þessu þarf að breyta sem allra fyrst,“ segir Róbert.

Innanríkisráðherra hefur lýst yfir vilja til að koma á fót millidómstigi. Það er afar mikilvægt, rétt eins og Róbert segir, ekki aðeins út frá praktísku sjónarmiði, heldur fyrst og fremst vegna mannréttinda sakaðra manna. Flestir sem fjallað hafa um málið hafa lýst yfir þörf fyrir slíkt, þar á meðal lögmanna- og lögfræðingafélög Íslands, ákærendafélagið, og dómarafélagið.

Ríkar sönnunarkröfur eru gerðar í sakamálum og verða sönnunargögn máls, þar á meðal munnlegur framburður, að horfa þannig við að ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum að ákærði hafi framið verknaðinn sem hann er sakaður um. Flestir geta verið sammála um að mat á sönnunargildi munnlegs framburðar hlýtur að vera meira sannfærandi við það að heyra framburðinn í eigin persónu fremur en að lesa hann af blaði.

Stofnun millidómstigs er eina haldbæra lausnin á núverandi vanda – tveggja þrepa dómskerfi getur ekki bætt úr þeim annmörkum sem nú eru á íslensku dómskerfi. Með endurtekinni sönnunarfærslu og endurskoðun á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar yrði meginreglan um milliliðalausa sönnunarfærslu í heiðri höfð. Árlega eru yfir hundrað sakamál flutt í Hæstarétti. Þeir einstaklingar sem þar svara til saka í ár eiga rétt á því að íslenska ríkið virði mannréttindi þeirra. Ráðherra má ekki bíða með frumvarpið lengur.

**Stofnun millidómstigs er eina haldbæra lausnin á núverandi vanda – tveggja þrepa dómskerfi getur ekki bætt úr þeim annmörkum sem nú eru á íslensku dómskerfi.**

### Halldór







## Frá degi til dags

**Forsetaefnin mörg**

**Farið er að færast fjör í samkvæmisleikinn um kapphlaupið að Bessastöðum. Ef áfram heldur sem horfir verður það hlaup jafn fjölmennt víðavangshlaupi ÍR. Margir virðast vilja setjast að á ríkisjörðinni á Álftanesi. Fjölmiðlar eru auðvitað farnir að velta þessum kosningum fyrir sér; tveir áratugir eru síðan alþýða Íslands fékk að velja forseta þar sem sitjandi forseti var ekki í kjöri. Einhverjir frambjóðendur eiga eftir að bætast við á næstu vikum og mánuðum. Gæti því myndast nokkur örtröð hjá kosningamaskínum að finna 1.500 undirskriftir því líkast til má einstaklingur ekki mæla með nema einum frambjóðanda.**

**Að lesa í stöðuna**

**Til þess að vera kjörinn forseti þarftu að heilla landann með einum eða öðrum hætti og vinna þér atkvæði. Nýliðins árs verður minnst í sögubókum fyrir það eitt að konur tóku völd yfir eigin líkama. Þær eiga sig sjálfar, mega gera það sem þeim sýnist og enginn stjórnar því hvernig þær haga sér. Árið 1980, þegar frú Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti, sagði hún í frægri útsendingu að hún hefði ekki hugsað sér að vera með íslensku þjóðina á brjósti. Nú, þrjátíu og sex árum síðar er kosningabarátta til þessa embættis aftur farin að snúast um brjóstagjöf.**

**sveinn@frettabladid.is**

## Ekki skal vanmeta framsóknarmann!



Árni Hermannsson
kennari og verktaki

Eitthvert dapurlegasta skeiðið í sögu landsins á fyrstu áratugum lýðveldisins er sagan af samskiptum stjórnvalda við vinaþjóðir í Evrópu og bandalagsríkin í Nató.

Á eftirstríðsárunum tókst með galinni hagstjórn að glutra niður vænlegri stöðu þjóðarbúsins og endaði loks með því að á 6. áratugnum, þótt lífskjör væru betri hér á landi (án þess að vera nokkuð sérstök) en víðast hvar í Evrópu, þá gengu Íslendingar með betlistaf hvað eftir annað á fund nágrannaríkja í leit að lánum, m.a. til Þýskalands og Englands þar sem flest var í rúst eftir hildarleikinn mikla.

Meðal vinaþjóða í Nató tókst ekki betur til. Íslendingar voru áhugalitlir um samstarfið nema þegar kom að aurum og framkvæmdum á vegum samtakanna en þá sperrtu þeir eyrun sem aldrei fyrr. Þetta lágrisa viðhorf varð til þess, að það orð fór af Íslendingum að þeir væru tækifærissinnaðir bandamenn. Um þetta má fræðast nánar af stórmerku riti Vals Ingimundarsonar, „Í eldlínu kalda stríðsins“.

Þá skal í annan stað ekki reynt að tíunda orðsporið sem fór af Íslendingum á alþjóðavettvangi fyrir 2008.

Það virðist helst þessa dagana vera utanríkisráðherrann, Gunnar Bragi, sem stendur einarður gegn því að látið verði af viðskiptabanni gegn Rússum sem fara með yfirgangi í fyrrum leppríki sínu og verður vart séð að munurinn sé nema stigs en ekki eðlis á leiðtoganum Pútin og Jósef gamla Dsjúgasjvili. Innan stjórnarliðsins og stjórnarandstöðu hérlendis eru menn ekki á einu máli. En allt er þegar þrennt er og væri svo sem eftir öðru að hlaupast undan merkjum og láta prinsipp lúta í lægra haldi fyrir aurunum.

Auðvitað ber að styðja smærri útgerðir og vinnuaflið í dreifðum byggðum landsins þegar bjátar á og markaðir lokast en allsráðandi stórútgerðaraðilum (sem helst gefa starfsmönnum sínum íspinna í kaupbæti þegar þeir skammta sér milljarðana) þarf ekki að vorkenna en skal í bili bent á að lesa nýútkomna bók Bills Browders – „Eftirlýstur“ – en þar geta þeir lesið um stjórnarhætti í ríkinu, sem þeir vilja ólmir fella niður viðskiptabannið á.

**Þetta lágrisa viðhorf varð til þess, að það orð fór af Íslendingum að þeir væru tækifærissinnaðir bandamenn.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Búfjársamningar og sjálfbær landnýting



**Ólafur Arnalds**
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

Nú á sér stað samningsgerð milli sauðfjárbænda og ríkisins um stuðningsgreiðslur þjóðarinnar við framleiðslu sauðfjárafurða. Mikið er í húfi að vel takist til. Á undanförnum árum hafa vísindamenn, Landgræðsla ríkisins og fleiri bent á að mikilvægt sé að laga betur sauðfjárbeit að landkostum.

Víða fer beit fram á landi í viðunandi og jafnvel ágætu ástandi; á frjósömum vistkerfum sem henta vel til sauðfjárbeitar. En á stórum svæðum er ástand auðlinda meðal þess versta sem þekkist á jörðinni, auðnir og rofsvæði. Það er mikilvægt að nýting slíkra svæða til beitar verði hætt. Einnig er mikilvægt að hætta beit og byggja upp vistkerfi í nágrenni mikilvirkustu eldstöðva landsins. Verst förnu beitarsvæðin er jafnframt að finna á hinu eldvirka belti.

Vistspor kjötframleiðslu á þessum svæðum er með því stærsta sem þekkist í matvælaframleiðslu í heiminum öllum. En á þeim gengur minnihluti fjárstofns landsmanna.

Upplýsingar liggja nú þegar fyrir um þau afréttarsvæði þar sem æskilegt er að hætta beit. Margar leiðir eru til þess að vinna að þessu markmiði, meðal annars með sólarlagsákvæðum í búskap. Vitaskuld þarf að hafa slíkt í huga þegar hugað er að milljarða fjárframlögum úr ríkissjóði (tugi milljarða á samningstímanum). Vert er að hafa í huga að drjúgur hluti framleiðslunnar er fluttur út (að stórum hluta á kostnað íslenskra skattgreiðenda).

Fyrri ákvæði um um svokallaðan „landnýtingarþátt gæðastýringar“ skilaði viðhorfum sjálfbærrar landnýtingar ákaflega stutt á veg. Og nú bendir margt til þess að sjónarmið um sjálfbæra landnýtingu og aðlögun að landkostum hafi orðið undir við yfirstandandi samningsgerð ríkis og sauðfjárbænda. Svo virðist sem margir bændur og hugsanlega forysta bænda telji sjónarmið sem þessi vera öfgar og jafnvel „sífelldar árásir á bændur“. Í síðasta tölublaði Bændablaðsins er þetta haft eftir formanni Bændasamtakanna: „Eitt af því sem kom fram í fundarferðinni er að það ríkir því miður mikið vantraust hjá bændum í garð stofnana eins og Matvælastofnunar og Landgræðslunnar. Sauðfjárbændur hafa áhyggjur af aðkomu Landgræðslunnar í tengslum við aukið vægi gæðastýringar í sauðfjárrækt í samningunum. Í ljósi fyrri samskipta sauðfjárbænda og samtaka þeirra við Landgræðsluna eru margir þeirra áhyggjufullir.“ Þessi samskipti varða vitaskuld fyrst og fremst kröfur L.R. um sjálfbæra nýtingu auðlinda; að beit á verst grónu afréttarlöndunum er vitaskuld ekki sjálfbær landnýting. Það er vonandi ekki öll nótt úti því í sama viðtali við formann Bændasamtakanna er hvatt til sjálfbærrar nýtingar: „Sjálfbær landnýting er ein af meginforsendum við nýtingu þeirrar auðlindar sem búfjárbeitin er. Svo má ekki gleyma þeim sóknarfærum sauðfjárræktarinnar sem liggja í sjálfbærri landnýtingu þegar kemur að markaðssetningu afurðanna og því mikilvægt fyrir okkur að sýna fram á að við séum ekki að ganga á landið.“

Það er óskandi að þessum orðum sjáist staður í næstu búvörusamningum. Það er að vísu ekki trúverðug nálgun í samningum við þjóðina að agnúast sífellt út í þá stofnun sem á að gæta hagsmuna vistkerfa og náttúru landsins, m.a. er varðar beit sauðfjár. Stofnun sem ber að tryggja sjálfbæra nýtingu lands og að beit verði aflögð þar sem hún getur með engum hætti talist sjálfbær. Það er sjálfsögð krafa samfélagsins að stuðningi við beit á illa förnu landi verði hætt.

# Kópavogsdalur

**Ása Richardsdóttir**
bæjarfulltrúi Samfylkingar
**Guðmundur Gísli Geirdal**
bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks
**Karen Elísabet Halldórsdóttir**
bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks
**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
bæjarfulltrúi VG
**Sverrir Óskarsson**
bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar

Fyrir liggur ósk og tillaga aðstandenda Tennishallarinnar í Kópavogsdal um að stækka húsnæði sitt til austurs um 2.100 fermetra. Þessu hafnaði Skipulagsnefnd Kópavogs og samþykkti bókun þess efnis að ekkert yrði byggt frekar í Kópavogsdal fyrr en búið væri að deiluskipuleggja dalinn að nýju.

Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs bókaði einnig í þá veru en þrátt fyrir það var tillögunni vísað í auglýsingu þann 13. október sl. af bæjarstjórn Kópavogs.

Undirrituð telja að áður en ný mannvirki eru leyfð í Kópavogsdal, þurfi að endurskoða deiliskipulag dalsins og vinna skýra framtíðarsýn um Kópavogsdal sem er í þágu allra bæjarbúa. Mikilvægt er að standa vörð um opin græn svæði bæjarins, ekki síst svæði sem eru nálægt miðkjarna líkt og Smárinn er. Þróunarmöguleikar Smárans og Kópavogsdalsins eru gríðarlegir og skiptir öllu máli að vanda vel til verksins. Við viljum hvetja Kópavogsbúa og allt annað áhugafólk um Kópavogsdalinn að kynna sér auglýsta tillögu um breytt deiliskipulag. Hana er að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar undir flipanum „Þjónusta – umhverfi og skipulag – skipulagmál – skipulag í kynningu“.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út kl. 15.00 þann 11. janúar næstkomandi.

**Mikilvægt er að standa vörð um opin græn svæði bæjarins.**



FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

**HANDBOLTI** „Ég er aðeins verri núna en ég er venjulega,“ segir landsliðsmaðurinn Alexander Petersson en hann hefur verið þjakaður af meiðslum síðustu ár en ætlar engu að síður að hjálpa landsliðinu á EM í Póllandi.

„Þetta eru meiðsli í fæti sem hafa verið að plaga mig síðustu fjóra mánuði. Ég þarf á hvíld að halda til þess að losna við þessi meiðsli en það er enginn tími til þess að slaka á,“ segir Alexander og brosir. „Læknarnir segja að ég þurfi að hvíla algjörlega í sex til átta vikur. Ég finn þann tíma þegar ég er hættur í handbolta.“

### Tekur miklu færri skot en áður

Öxlin hefur einnig verið að plaga Alexander síðustu ár og hann hefur einfaldlega þurft að venjast því að spila með verki í öxlinni.

„Ég hef þurft að stýra álaginu. Taka kannski fimm til sex skot í leik í staðinn fyrir að taka fimmtán. Ég er ekki ungur lengur,“ segir hinn 35 ára gamli Alexander en hvað hefur hann eiginlega verið að spila með verki lengi?

„Það er orðinn ansi langur tími,“ segir Alexander og þarf að hugsa sig vandlega um er hann rifjar upp hvenær hann spilaði síðast handbolta verkjalaus. „Ég var verkjalaus er ég fór til Füchse Berlin árið 2010. Svo kom stórmót í janúar og þá meiddist ég á öxlinni. Ég hef ekki verið samur síðan. Ég er búinn að venjast þessum axlarmeiðslum en það er ómögulegt að segja hvað ég get haldið lengi áfram svona.“

Miðað við meiðslasögu Alexanders þá áttu margir von á því að hann myndi ekki gefa kost á sér í verkefnið í Póllandi. Hann missti af HM 2014 og EM 2014 en annars hefur hann verið með á öllum mótum síðustu árin. Alexander segir að hann verði líklega ekki í aðalhlutverki að þessu sinni.

### Spila 15 mínútur í leik

„Við erum að tala núna um að láta mig spila í hverjum einasta leik en ekki mikið samt. Ætli ég spili ekki svona fimmtán mínútur í leik. Kannski stundum bara vörn en við verðum að sjá til hvernig þetta þróast hjá okkur,“ segir Alexander sem oftar en ekki hefur lent í því að þurfa að spila mun meira en hann kannski ætlaði sér.

„Ég var stundum beðinn um að hjálpa til en endaði svo í því að spila heilan leik. Það fór ekkert allt of vel með mig,“ segir Alexander og leyfir sér samt að hlæja er hann rifjar þetta upp.

Sama hvað gengur á þá eru strákarnir okkar alltaf bjartsýnir áður en þeir leggja af stað á stórmót. Á því er engin breyting núna.

### Hefur góða tilfinningu fyrir EM

„Mér líst mjög vel á liðið og þetta lítur vel út. Við erum með gott lið og strákarnir í góðu formi. Menn eins og Rúnar og Ásgeir líta mjög vel út og eru með mikið sjálfstraust. Yngri strákarnir eru líka efnilegir og markverðirnir í góðu standi. Ég vil ekki vera með of miklar yfirlýsingar fyrir mót en ég hef góða tilfinningu fyrir þessu móti,“ segir Alexander en strákarnir þurfa að ná góðum árangri ef þeir ætla að ná því markmiði sínu að komast í forkeppni Ólympíuleikanna.

„Óli [Ólafur Stefánsson aðstoðarþjálfari] hefur komið inn með skemmtilega hluti fyrir mótið en þó svolítið spes líka. Við gætum komið mótherjanum á óvart. Það er gaman að breyta aðeins til. Það er ómögulegt að segja hvað við förum langt en það er mikilvægt að byrja vel. Ekki tapa strax í byrjun eins og svo oft áður og reyna að bjarga sér gegn sterkustu liðunum.“

henry@frettabladid.is



Heilsu sinnar vegna mun Alexander aðeins spila 15 mínútur í hverjum leik á EM. Það er í það minnsta uppleggið fyrir mót. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Ferill Alexanders

Alexander Petersson hefur víða komið við síðan forráðamenn Gróttu/KR fundu hann í Ríga í Lettlandi í lok síðustu aldar.

**Aldur:** 35 (fæddur 2. júlí 1980)
**Hæð:** 186 sm
**Þyngd:** 94 kg
**Landsleikir/mörk:** 167/671

**Félög:**
*1998-2003:* **Grótta/KR**
*2003-2005:* **HSG Düsseldorf**
*2005-2007:* **TV Grosswallstadt**
*2007-2010:* **SC Flensburg-Handewitt**
*2010-2012:* **Füchse Berlin**
*2012:* **Rhein-Neckar Löwen**

# Ekki verið verkjalaus síðan 2010

Alexander Petersson verður í takmörkuðu hlutverki hjá íslenska landsliðinu á EM í Póllandi. Þessi mikli harðjaxl mun bíta á jaxlinn og gera það sem hann getur til þess að hjálpa liðinu.

## Nýjast

**FJÖLSKYLDUMAÐURINN ZIDANE TEKINN VIÐ REAL**

Rafael Benitez var í gær rekinn sem þjálfari Real Madrid en hann fékk bara sjö mánuði í starfi. Real gerði 2-2 jafntefli við Valencia í síðasta leik hans. Það var fjölskyldustemning á Santiago Bernebau þegar Florentino Pérez, forseti Real Madrid, kynnti goðsögnina Zinedine Zidane til leiks sem nýjan þjálfara Madrid-liðsins. Zidane, sem lék með Real frá 2001 til 2006 og hefur undanfarið þjálfað varaliðið, mætti með alla fjölskyldu sína á fundinn, það er eiginkonuna og fjóra syni, sem spila allir í yngri liðum Real Madrid.



**ARON PÁLMARS ÆTLAR EKKI AÐ KOKSA Á EM Í PÓLLANDI**

Aron Pálmarsson er óhræddur við að takast á við þá miklu ábyrgð sem verður á hans herðum á EM í handbolta í Póllandi. Aron segist vera í betra standi núna en fyrir síðustu stórmót. Aron segir að það trufli sig ekki þegar talað sé um að frammistaða íslenska liðsins og árangur í Póllandi standi og falli með honum. „Þetta er eitthvað sem maður er búinn að stefna að. Ég er ekki að fara að koksa eitthvað núna. Það er bara að taka þetta á bakið og stíga upp og sýna að þetta sé algjört kjaftæði sem fólkið er að tala um,“ sagði Aron í viðtali við Gaupa á Stöð 2 í gærkvöld.



**MISSTI AF FYRSTA LEIK ÁRSINS**

Jón Arnór Stefánsson gat ekki spilað með Valencia á móti sínum gömlu félögum í Unicaja í spænsku úrvalsdeildinni um helgina vegna meiðsla á baki sem hann varð fyrir í leik á móti Tenerife í lokaleik ársins. Jón Arnór var á skýrslu en kom ekkert við sögu í fyrsta leik ársins 2016. Jón Arnór fór í gegnum margar rannsóknir sem sýndu að meiðslin sem hann varð fyrir á Kanarí eru ekki alvarleg. Þau kostuðu hann samt fyrsta leikinn sem hann missir af í ACB-deildinni í vetur.



**AF STAÐ MEÐ SUÐURNESJASLAG**

Fyrsti leikur Domino's deildanna á árinu 2016 fer fram í kvöld þegar Grindavík tekur á móti Keflavík í kvennakörfunni. Keflavíkurkonur unnu fyrri leik liðanna og ná því þriðja sætinu af Grindavík með sigri í kvöld. Til að þess þarf þó liðið að afreka eitt sem því hefur ekki tekist fyrr í vetur. Keflavíkurliðið á nefnilega enn eftir að vinna útileik í deildinni á þessu tímabili. Grindavík hefur glímt við mikil meiðsli í vetur og endaði árið á tveimur tapleikjum. Liðið ætti að mæta fullskipað til leiks í kvöld sem hefur ekki gerst oft í vetur.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **19.45** | Genoa - Sampdoria | Sport 3 |
| **20.00** | Stoke - Liverpool | Sport |
| **19.15** | Grindavík - Keflavík | Grindav. |




# HTH Leikum saman



- Eldhúsinnréttingar
- Baðinnréttingar
- Þvottahúsinnréttingar
- Fataskápar

**HTH** er leiðandi framleiðandi eldhússinnréttinga. Samspil fágaðrar hönnunar og einstakra gæða einkenna **HTH** innréttingarnar enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um heim allan.

Hönnuðir okkar vinna með þínar hugmyndir og óskir, teikna tillögur að draumaeldhúsinu og gera þér frábært tilboð.
**Þannig leikum við saman.**

**20% afsláttur af hágæða AEG eldhústækjum með kaupum á HTH innréttingum.**



**Opið mánudaga - föstudaga kl. 10-18**
**og á laugardögum kl. 11-15.**
**Alltaf opið á Ormsson.is**

ORMSSON

Lágmúla 8 • Reykjavík • 2. hæð
símar 530 2818 / 530 2819 / 530 2820 / 530 2821

✝

Ástkær móðir mín,

**Halldóra Þórðardóttir**

lést á gamlárskvöld á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Helga Dagmar Guðmundsdóttir**

---



✝

Elskulegur faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Baldur Arngrímsson**

Lönguмýri 17, Akureyri,

lést á Hjúkrunarheimilinu
Lögmannshlíð 25. desember.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 8. janúar kl. 13.30.

**Birgir Baldursson** — **Elínborg Loftsdóttir**
**Ása Birna Birgisdóttir** — **Per B. Rønning**
**Hulda Sif Birgisdóttir** — **Nikola Trbojevic**
**Elín Rún Birgisdóttir** — **Stefán Jóhannsson**
**Elvar, Sindri, Bjarki og Silja Björt**

---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Grétar Þórarinn Ólafsson**

lést á heimili sínu, Skógarási 4,
Reykjavík, þann 27. desember
síðastliðinn.
Útför verður frá Fossvogskirkju,
föstudaginn 8. janúar kl. 13.00.

**Jóhann Grétarsson** — **Helga Fanney Bergmann**
**Sigríður Grétarsdóttir**
**Ellen Ingibjörg Grétarsdóttir** — **Mike Viney**
**Iðunn Kristín Grétarsdóttir** — **Haukur Þór Arnarson**
**og barnabörn.**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Sigmundur H. H. Hansen**
**(Simbi)**

sem andaðist á dvalarheimilinu
Höfða, Akranesi, þann 28. desember
síðastliðinn, verður jarðsunginn 7. janúar
næstkomandi frá Garðakirkju á Álftanesi kl. 13. Þeim sem
vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Dagbjört Jóns Sigurðardóttir (Birta)**
**Gísli Sigmundsson** — **Hildur Einarsdóttir**
**Guðjón Sigmundsson** — **Magnea Sigríður Guttormsdóttir**
**Gunnar Sigmundsson** — **Sólrún Ólafsdóttir**
**Sigrún Sigmundsdóttir** — **Grétar Kristinsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

---





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Jónína Guðrún Bogadóttir Thorarensen**

Hlaðbæ 1, Reykjavík,

lést á Landspítala Fossvogi
þann 27. desember sl.
Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn
8. janúar næstkomandi kl. 13.00.

**Bergrós Þorgrímsdóttir** — **Sveinn Sveinsson**
**Pétur Þorgrímsson** — **Jóhanna Gunnlaugsdóttir**
**Haukur Þ. Þorgrímsson** — **Guðrún H. Reynisdóttir**
**Bjarni Þorgrímsson** — **Linda B. Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Eyjólfur Davíðsson**

Sléttuvegi 23, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli
29. desember.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 7. janúar kl. 15.00.
Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans
er bent á líknarfélög.

**Héðinn Eyjólfsson** — **Guðrún H. Fjalldal**
**Guðrún S. Eyjólfsdóttir** — **Snjólfur Ólafsson**
**Sigríður Eyjólfsdóttir** — **Ólafur Ó. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn
og besti vinur, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Steindór Reynir Jónsson**

flugvirki,
Furugerði 1, Reykjavík,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund, laugardaginn 2. janúar.

**Ingigerður Ágústsdóttir**
**Baldvin Hreinn Steindórsson**
**Hafdís Engilbertsdóttir**
**Snorri Steindórsson**
**Ingibjörg Þóra Ingólfsdóttir**
**Anna María Steindórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, fósturfaðir og afi,

**Magnús Jónatansson**

lést 1. janúar á hjúkrunarheimilinu
Hlíð á Akureyri.
Úförin fer fram frá Akureyrarkirkju
fimmtudaginn 7. janúar kl. 13.30.

**Alda Sif Magnúsdóttir**
**Jónatan Þór Magnússon**
**Magnús Þór Magnússon**
**Jónína Kristín Magnúsdóttir**
**Arnar Unnarsson**
**Hjörtur Unnarsson**
**Hrönn Unnarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún María Bjarnadóttir**

Árskógum 6,

lést 29. desember. Útför Guðrúnar
Maríu fer fram frá Grafarvogskirkju þann
7. janúar og hefst athöfnin kl. 11.
Blóm og kransar eru vinsamlegast
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
hennar er bent á hjálparsveitir eða
líknarfélög.

**Hörður Guðmundsson**
**Vigdís Harðardóttir** — **Gestur Gíslason**
**Helga Harðardóttir** — **Lárus Þór Svanlaugsson**
**Guðmundur Bjarni Harðarson** — **Rut Hreinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Þór Halldórsson**

læknir,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund
laugardaginn 2. janúar.
Útförin verður auglýst síðar.

**Auður Ingólfsdóttir**
**Guðlaug Þórsdóttir** — **Ingólfur Kristjánsson**
**Jóna Þórsdóttir** — **Lars Peter Jensen**
**Bolli Þórsson** — **Ásdís Hlökk Theodórsdóttir**
**Hjalti Þór Þórsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar og tengdafaðir,

**Jón Þórisson**

leikmyndateiknari,

lést á heimili sínu á nýársdag.

**Ragnheiður Steindórsdóttir**
**Steindór Grétar Jónsson**
**Margrét Dórothea Jónsdóttir**
**Kristjana Björg Reynisdóttir**
**Jón Geir Jóhannsson**

---



✝

Okkar elskaði eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Reynisson**

Fróðengi 7,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
aðfaranótt laugardagsins 26. desember.
Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 6. janúar kl. 13.00.

**Laufey Guðrún Magnúsdóttir**
**börn, tengdabörn,**
**barnabörn og langafabörn.**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Hólmfríður Kristjánsdóttir**

áður til heimilis í Álfheimum 66,
Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli
mánudaginn 28. desember.
Hún verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í
Reykjavík föstudaginn 8. janúar kl. 13.00.

**Kristján Guðjónsson** — **Eva Dagmar Steinsson**
**Birgir Guðjónsson** — **Guðrún Þórhallsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæra

**Kristín Ágústsdóttir**

Seljavegi 33,
Reykjavík,

lést á LSH í Fossvogi að kvöldi
annars dags jóla. Útförin fer fram frá
Fossvogskirkju fimmtudaginn 7. janúar
kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en
þeim sem vildu minnast hennar er bent á Flateyjarkirkju,
reiknnr. 0309-26-012652, kt. 550169-5179.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Vigdís Jóhannsdóttir**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður S. Egilsdóttir**

áður til heimilis að
Lindargötu 66, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Áskirkju
fimmtudaginn 7. janúar kl. 15.00.

**Sigurður R. Blomsterberg** — **Ólöf Þ. Ólafsdóttir**
**Ólafur G. Þórólfsson** — **Alda Aðalsteinsdóttir**
**Ragnheiður R. S. Þórólfsdóttir** — **Þorvaldur Jensson**
**Margrét A. Þórólfsdóttir** — **Hörður Magnússon**
**ömmubörn og langömmubörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**Gengið um 105**

**Pétur H. Ármannsson arkitekt leiðir göngu á vegum Ferðafélags Íslands um Rauðarárholt næstkomandi sunnudag en borgargöngur eru árlegur viðburður hjá FÍ í upphafi árs.**

**BLS. 4**


STÓRÚTSALA

KLASSÍSK GÆÐAVARA FRÁ GERRY WEBER TAIFUN - GARDEUR - CREENSTONE FUCHS SCHMITT - BETTY BARCLAY O.FL. O.FL.

Sparidress - Vetrardragtir - Peysur - Blússur - Bolir

GERRY WEBER EDITION COLLECTION

CREENSTONE

FRANK LYMAN DESIGN

Betty Barclay

Junge

FUCHS SCHMITT FEEL THE COMFORT

www.laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur á Facebook



## Enskuskóli Erlu Ara - Let's speak English

Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna

Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 35 ára og eldri.

- 10 getustig með áherslu á tal
- Öllu lesefni fylgja hljóðdiskar
- Styrkt af starfsmenntasjóðum

EA ENSKA FYRIR ALLA

www.enskafyriralla.is

**Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@enskafyriralla.is**



**Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga**



GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

BÍÓSTÖÐIN ER Í SKEMMTI-PAKKANUM

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.

365.is | Sími 1817

365


# VILTU LOSNA VIÐ JÓLAUKAKÍLÓIN?

**ARTASAN KYNNIR** *Trim-It er ný bætiefnablanda sem inniheldur kröftug efni sem hjálpa til í baráttunni við aukakílóin ásamt eplaediki sem hjálpar líkamanum að hreinsa sig eftir jólaátið. Engin óþekkt efni koma við sögu.*

„Trim-It er dúndurflott blanda bætiefna þar sem engin óþekkt efni koma við sögu. Hún getur aukið fitubrennslu og örvað meltingu ásamt því að hjálpa til við hreinsun á eiturefnum sem safnast fyrir í líkamanum,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringarráðgjafi hjá Artasan.

**TRIM-IT INNIHELDUR**

- **Eplaedik** – hjálpar nýrunum við hreinsun á eiturefnum og sýkingum og hjálpar þannig til við eðlileg efnaskipti í líkamanum svo að hann framleiði frekar orku en fitu úr þeim kolvetnum sem við neytum.

- **B6** – hjálpar líkamanum m.a. við niðurbrot próteina, kolvetna og fitu og getur þannig hjálpað til og/eða örvað brennslu.

- **Kelp eða brúnþörunga** sem eru mjög ríkir af joði. Joð getur bætt starfsemi skjaldkirtilsins en skjaldkirtillinn getur haft mikil áhrif á þyngdaraukningu eða -tap ef hann starfar ekki sem skyldi.

- **Lesitín** – finnst í frumum allra lífvera og er nauðsynlegur hlekkur í eðlilegri starfsemi frumnanna og líkamans í heild. Mælt er með notkun á lesitíni gegn ýmiss konar kvillum og er það notað í Trim-It þar sem það leysir fituefni upp í vatni og auðveldar meltingu á fitu, sérstaklega ef það er tekið fyrir mat. Það getur því mögulega stuðlað að því að viðkomandi léttist.

- **Hveitikím** – er m.a. gott fyrir ónæmiskerfið, hjarta- og æðakerfið og það inniheldur E-vítamín sem dregur úr líkum á blóðtappamyndun og getur hjálpað til við að lækka blóðþrýsting.

- **Kelp, B6-vítamín og lesitín** vinna einnig eins og náttúruleg þvagræsilyf sem hefur marga kosti því þannig getur maður losnað við umframvökva án þess að mikilvæg steinefni/sölt skolist út úr líkamanum.



**ÖRVAR MELTINGU** Blandan getur aukið fitubrennslu.




**SÖLUSTAÐIR:**
**Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana og stórmarkaða.**

## HJÁLPAR TIL VIÐ HREINSUN

„Trim-It getur aukið fitubrennslu og örvað meltingu ásamt því að hjálpa til við hreinsun á eiturefnum sem safnast fyrir í líkamanum.“










**HEFUR ÞRÓAÐ EIGIN AÐFERÐIR** Snorri lætur börnin standa í lófanum á sér eða á sundflá. Þar geta þau staðið í um 15 sekúndur, allt niður í þriggja mánaða gömul. „Þau eru ótrúlega dugleg og koma sífellt á óvart.“ MYNDIR/GVA

# KOMA FORELDRUM SÍNUM Á ÓVART

**35 PRÓSENT Í UNGBARNASUND** *Snorri Magnússon hefur kennt ungbarnasund í tuttugu og fimm ár. Í upphafi reyndist erfitt að fá þátttakendur en í dag fara mun fleiri börn í ungbarnasund á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.*




Þegar Snorri Magnússon, íþróttakennari og þroskaþjálfi, fór af stað með ungbarnasundkennslu árið 1990 átti hann ekki von á að starfa enn við kennsluna tuttugu og fimm árum síðar. „Ég hef verið að velkjast um í sundi allt mitt líf. Áður en ég fór í ungbarnasundið hafði ég þjálfað keppnissundfólk, staðið í kennslu og þjálfað fatlaða. Lokaritgerðin mín úr Íþróttakennaraskólanum sem ég útskrifaðist frá árið 1988 fjallaði um ungbarnasund og var hún ekki til að minnka áhuga minn á sundinu. Eftir útskriftina reyndi ég að fá foreldra í ungbarnasund en það reyndist ekki auðfengið. Ég ákvað því að bíða þangað til mín eigin börn myndu fæðast,“ útskýrir Snorri sem eignaðist tvíbura árið 1990. Hann byrjaði á að kenna þeim ásamt barni vinkonu sinnar. Ungbarnasundkennslan vatt svo heldur betur upp á sig og í dag eru börnin sem Snorri hefur kennt orðin um 5.400 talsins.

Ungbarnasund hefur verið skilgreint sem markviss örvun og aðlögun barna á aldrinum núll til tveggja ára að vatni. Snorri segir orðið ungbarnasund geta verið villandi því það vísi til þess að verið sé að kenna börnum sundaðferðir en að svo sé ekki. „Vatnsþjálfun ungbarna kemst nær því að lýsa því sem fram fer í lauginni.“ Að sögn Snorra eru börnin sem koma í sundið yfirleitt á aldrinum tveggja til tíu mánaða þó hægt sé að byrja bæði fyrr og síðar.

Í ungbarnasundinu segist Snorri vera að vinna með snemmtæka íhlutun í þroska barns. „Tökum dæmi af kornabarni sem er ekki farið að velta sér. Í stað þess að bíða eftir því að það geri það sjálft hvet ég foreldra til að leyfa barninu að upplifa hreyfinguna með því að hjálpa því að velta sér sitt til hvorrar hliðar í vatninu. Þessi þjálfun er því svolítið þjófstart inn í framtíðina,“ segir hann. Snorri segir gaman að vinna með börnum á þessum aldri. „Þau eru ótrúlega dugleg og koma foreldrum sínum sífellt á óvart.“

Á Norðurlöndunum fara um átta til tólf prósent foreldra með börn sín í ungbarnasund en hér á landi eru það um 35 prósent foreldra. Snorri telur þennan mun eiga rætur að rekja til mikillar sundhefðar hér á landi. Aðspurður fór hann ekki í sérstakt nám í sundkennslu ungbarna heldur þróaði kennsluna sjálfur.

„Á Norðurlöndunum er yfirleitt kennt einu sinni í viku í hálftíma í senn en ég kenni tvisvar í viku í klukkutíma. Við erum með heitar laugar og börnin geta því verið lengur í vatninu. Kollegum mínum í Skandinavíu finnst ég frekar sérstakur og þá aðallega af því ég læt börnin standa í lófanum á mér eða á sundflá. Þar geta þau staðið í um 15 sekúndur, allt niður í þriggja mánaða gömul.“

Heimildarmynd um Snorra er í vinnslu og er áætlað að hún verði tilbúin í byrjun árs 2017. „Það hefur ekki verið gerð mynd um ungbarnasund áður. Myndin verður í fullri lengd og eru leikstjórarnir tveir; þær Anna Rún Tryggvadóttir og Elín Hansdóttir. Framleiðandinn heitir Hanna Björk Valsdóttir og tökumaður er Bergsteinn Björgúlfsson. Það hefur verið unnið í þessu síðan í vor og er þetta spennandi verkefni.“

Aðspurður segist Snorri ekki enn vera búinn að fá leiða á kennslunni en að hún geti tekið á. „Ég er þreyttur eftir daginn en þetta er gefandi og skemmtilegt. Það er mín stefna leynt og ljóst að halda áfram að minnsta kosti í tíu ár og vonast ég til að geta haldið það út. Ég hef hins vegar aðeins hægt á með árunum. Þetta byggist allt á reynslu, að nálgast börnin og reyna að lesa þau og fá samþykki þeirra. Það skiptir öllu máli að börnin séu sátt og þeim líði vel í vatninu. Það er til dæmis bannað að gráta í minni laug,“ segir hann og hlær.

Frón

# kemur við sögu á hverjum jólum

Við höfum bakað níu sortir af ljúffengum jólasmákökum þessi jól og sett þær í eiguleg box.
Prófaðu nýju lakkrískökurnar, döðlukökurnar og kókoskökurnar.




Nældu þér í jólasmákökur frá Frón í næstu verslun

www.fronkex.is

# GENGIÐ UM RAUÐARÁRHOLT

**BORGARGANGA** *Pétur H. Ármannsson arkitekt leiðir göngu á vegum Ferðafélags Íslands um Rauðarárholt næstkomandi sunnudag. Þátttaka er ókeypis í þessa stuttu göngu þar sem Pétur segir frá byggingum, sögu og skipulagi hverfisins.*

Borgargangan er orðin árlegur viðburður hjá FÍ í byrjun árs. „Þetta er í fyrsta sinn sem við göngum um póstnúmerið 105 en áður höfum við farið um Vesturbæinn eða útjaðar borgarinnar. Síðustu þrjú skipti höfum við farið um Elliðaárdal og hafa göngurnar iðulega verið hálfgerðar óvissugöngur,“ segir Pétur.

Í göngunum hefur verið rætt um gamlar leiðir inn í borgina, gömul mannvirki og vatnsveitu. „Einnig leiðum við hugann að býlum og stöðum sem lifa í götunöfnum en eru horfin að öðru leyti. Stundum höfum við fjallað um skipulagssögu borgarinnar, til dæmis hugmyndir sem gengu ekki eftir en eimir þó enn af.“

Safnast verður saman fyrir framan Kjarvalsstaði klukkan 10.30 á sunnudaginn. „Líklega mun ég segja aðeins frá Kjarvalsstöðum og Miklatúni og svo verður gengið upp að Sjómannaskólanum og vatnstankinum,“ segir Pétur en hringurinn verður um tveggja til þriggja kílómetra langur. „Það skiptir máli í svona vetrargöngu að fara ekki of langt og tala ekki of mikið enda þarf hópurinn að geta gengið sér til hita inn á milli,“ segir hann glettinn.

En hvað einkennir Rauðarárholtið? „Eitt sinn var iðnaðarhverfið við Rauðarárstíg í útjaðri bæjarins og leiðin út úr bænum lá á Laugaveginum og inn að Þvottalaugum. Þarna var að finna býli og kartöflugarða lengi fram á tuttugustu öld eða þar til hverfið fór að byggjast á stríðsárunum,“ lýsir Pétur og bendir á að húsin við Flókagötu og Bólstaðarhlíð hafi byggst upp í lok seinni heimsstyrjaldarinnar og fyrstu árunum eftir hana.

Eitt af kennileitum hverfisins er vatnstankurinn sem er einnig með elstu mannvirkjum á svæðinu. Hann stendur uppi á Rauðarárholtinu og tengist Vatnsveitunni sem lögð var árið 1910. Önnur markverð bygging er Sjómannaskólinn. „Sjómannaskólinn var og er gríðarlega mikilvæg bygging og áberandi í borgarmynd Reykjavíkur. Þetta er falleg bygging sem minnir á höll eða kastala,“ segir Pétur og telur miklar tilfinningar tengdar húsinu. „Það var byggt þegar helstu samgöngur voru á sjó og sjómannastéttin var í hávegum höfð. Svo er skemmtilegt, sem ekki allir vita, að turninn í Sjómannaskólanum var byggður sem innsiglingarviti fyrir Reykjavíkurhöfn. Í raun er hann það enn í dag þó háhýsið við Höfðatorg skyggi á vitann frá vissum sjónarhornum,“ segir Pétur og telur undarlegt að enginn hafi hugsað út í það. „Þessari byggingu var líka ætlað ákveðið hlutverk í skipulagi bæjarins. Stakkahlíðin stefnir beint á innganginn og götur eins og Laugarnesvegurinn stefndu á turn Sjómannaskólans. Húsið átti því ekki aðeins að standa tignarlegt uppi á hæð heldur átti það einnig að vera miðja í skipulagi þessa svæðis.“



**KJARVALSSTAÐIR** Pétur leiðir borgargöngu um Rauðarárholtið. Hún hefst við Kjarvalsstaði klukkan 10.30 á sunnudaginn. Genginn verður stuttur hringur með viðkomu við vatnstankinn og Sjómannaskólann. MYND/VILHELM

Borgargangan verður farin sunnudaginn 10. janúar, lagt er af stað frá Kjarvalsstöðum klukkan 10.30. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.





RÉTTUR
Í MARAÞONI




Þriðja þáttaröðin af **Rétti** sló svo sannarlega í gegn á síðustu vikum. Nú eru þessir nýju þættir af Rétti ásamt fyrri þáttaröðunum tveimur komnir á **Stöð 2 Maraþon**. Á Stöð 2 Maraþon finnur þú **yfir 1.000 klst.** af frábæru sjónvarpsefni sem þú getur horft á hvenær sem þér hentar.

365.is | Sími 1817 365




Bresk börn borða því sem nemur líkamsþyngd fimm ára barns af sykri á ári.

# BORÐA 5.500 SYKURMOLA Á ÁRI

*Breskir foreldrar eru hvattir til að velja hollari kost handa börnum sínum og nota til þess sérstakt smáforrit sem segir til um sykurinnihald.*

Breska lýðheilsustofnunin (Public Health England, PHE) hvetur nú foreldra til að sækja sér sérstakt smáforrit sem segir til um sykurinnihald drykkja og matar. Frá þessu segir á vef breska ríkisútvarpsins.

Með forritinu má skanna strikamerkingar á matvælum með snjallsíma og fá upp sykurinnihald vörunnar, annaðhvort í fjölda sykurmola eða í grömmum. Smáforritið eru hluti af herferð PHE, Change4Life, en með því vonast stofnunin til þess að sporna við tannskemmdum, offitu og sykursýki 2 og að forritið verði til þess að breskar fjölskyldur velji hollari kost.



PHE segir bresk börn borða þrisvar sinnum meira af sykri en ráðlegt er og að börn á aldrinum fjögurra til tíu ára innbyrði um 22 kíló af viðbættum sykri á ári. Það jafngildi um 5.500 sykurmolum eða meira en meðal fimm ára barn vegur.

Dr. Alison Tedstone, aðalnæringarfræðingur PHE, segir það koma fólki á óvart hversu mikill sykur leynist í mat, til dæmis í mjólkurvörum og ávaxtadrykkjum, og hvetur fólk til þess að skipta sykruðum drykkjum út fyrir vatn eða léttmjólk.
***www.bbc.com***


SALE
comma,
SMÁRALIND

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



PORSCHE Cayenne turbo s. Árgerð 2006, ekinn 107 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991479.



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2013, ekinn 56 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.280113.



MERCEDES-BENZ GL 350 bluetec 4matic. Árgerð 2012, ekinn 26 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.990.000. Rnr.141559.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sorento EX Luxury . Árgerð 2014, ekinn 45 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.141699. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**




bíll.is
bestir í bílum...



**ÚTSALA VETUR ÚTSALA !!**

NISSAN PATROL GR árg. 2007 ek. 238 Þkm, Sjálfsk, krókur ofl. 1 eigandi (opinber stofnun) 100% viðhald og þjónusta, tilboðsverð 1990 Þús !!! gsm 893-9500



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !**

TOYOTA COROLLA WAGON 1.6 árg. 2003 ejk. 212 Þkm, 5 gíra, krókur, 1 eigandi, möguleiki á 100% vísaláni, tilboðsverð 590 þús !!! gsm 893-9500



**ÚTSALA 7MANNA ÚTSALA !**

MAZDA 5 T 7 MANNA árg. 2006 ek. 168 Þkm, 7 manna, 5 gíra, ný dekk, möguleiki á 100% vísaláni, tilboðsverð 990 Þús !!! gsm 893-9500

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



SKODA Octavia Ambiente Combi 4x4. Árgerð 2013, ekinn 98 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Seljandi skoðar skipti. Verð 3.940.000. Rnr.110397.



LEXUS GX470. Árgerð 2003, ekinn 139 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð staðgreitt. Verð 1.990.000. Rnr.110441.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**




## Bílar til sölu



Opel Vectra station sjálfskiftur 2,2 vél bensínek 180 þús dráttarbeysli góð vetrardekk nýsk innb sími toppbíll 770 þús 8927852



Ford Econoline, 2004, ek 78þ km, Toppeintak. Ásett 2.590.- fæst á 2.190.- staðgreitt s. 8941920



**TILBOÐ 295 ÞÚS.**

Til sölu Hyundai Matrix árg ‘04, ek. 160 þús, ssk, sko ‘16. Ásett verð 590 þús tilboð 295 þús. S. 860 3970

KIA Sorento EX 4wd. Árgerð 2005, ekinn 186 þús, dísel, sjálfsk. Verð 1.050.000 sími 897 0825

## 250-499 þús.



**SPARIBAUKUR TILBOÐ 490ÞÚS**

SKODA FABIA COMFORT árg 2003 ek.138 þús, 5 dyra beinskiptur, heilsársdekk sk.16 Toppbíll sem eyðir mjög litlu, Tilboð 490 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955



**TILBOÐ 490 ÞÚS - VÍSALÁN Í BOÐI**

VW BORA 1,6 HIGHLINE árg’02 ek. aðeins 130 þús nýleg tímareim, vetrardekk, sk.16 , topplúga, álfelgur ofl ásett verð 690 þús TILBOÐ 490 ÞÚS möguleii á 100% vísaláni i 36 mán s.841 8955

## Bílar óskast

**0-600 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507







**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar



BluCamp 2016 Nýr, Lengd 7,35 mtr 2 stór rúm + hjónarúm Sér sturta 130 stór ískápur hestöfl 6 gíra Loftkæling Hraðastillir Samlæsingar Útvarp, Cd, Mp3 Aðgerðastýri og mart fl. Verð 11,5 m. einnig fleiri stærðir í boði. Uppl. gefur Bóas Sími 777 5007 boas@b1.is, b1.is

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**SMIÐIR**
Tveir smiðir óska eftir verkefnum. Vanir menn og vönduð vinna. Sími 864 4789




**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN**
Getum bætt við okkur verkum í

flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.

Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð
**Tímavinna og tilboð**

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**

**S. 893 6994**

**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?**
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Spái í spil, tek fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímap. í s. 445 8787.

**SPÁSÍMINN 902 1020**
Spámiðlun Heilun. Sjöfn spámiðill og heilari. Geymið auglýsinguna.

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, tilboð eða tímavinna S. 7740866

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd. Nuddstofan, opið frá 10-20 og á laugardögum. S. 555 0939

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**40 FERMETRA ÍBÚÐARHERBERGI VIÐ HLIÐINA Á KRINGLUNNI ER LAUST TIL 1. JÚNÍ N.K.**
Er með öllum húsgögnum og rúmi. Sameiginlegt baðherbergi og eldhús. Tveggja mánaða trygging. Leiga 95 þúsund á mánuði.
**Upplýsingar: 692-1720, katlagudbjorg@gmail.com**

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 92þ. Eldri en 30 ára, barnlaus. f. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

**CASTELLO PIZZERIA**
óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hluta starf. 18 ára eða eldri. Hafðu samband á castello@simnet.is & s. 692 3051

**HOUSEKEEPERS**
Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks full time and part time housekeepers. Please send applications to: jobs@apartmentk.is

Stýrimaður óskast á 60 tonna netabát Uppl. í síma: 868 2853

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**LUNDUR - TIL LEIGU Í 3 MÁNUÐI**



**Til leigu glæsileg rúmgóð 2ja herb. íbúð í nýju lyfthúsi í Kópavogi.** Íbúðin er laus 15. janúar 2016. Íbúðin leigist með húsgögnum. Íbúðin skiptist m.a. í stóra stofu, eldhús, rúmgott herbergi með góðum skápum, baðherbergi og þvottahús. Sér inngangur af svölum. Bílastæði í bílageymslu fylgir með íbúðinni. Aðeins traust og reglusamt fólk kemur til greina. **Leiguverð 190.000 með hússjóði.** Nánari upplýsingar eru veittar á Eignamiðlun fasteignasölu í síma 588 9090 eða anna@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík





**GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI**
Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn. **Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.**
365.is | Sími 1817

**Stærsti fasteignavefur landsins**



fasteignir.is á visir.is

## atvinna

### SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

### Sölumaður óskast

**Okkur vantar sölumann á tækjum í verktakaumhverfi og búnaði í sjávarútvegi**

Við óskum eftir að ráða öflugan sölumann með reynslu, frumkvæði og góðan samstarfsvilja. Til boða stendur skemmtilegt og gefandi framtíðarstarf með mikla möguleika í vaxandi fyrirtæki. Starfinu fylgja ferðalög og samskipti við umboðsmenn okkar um allt land.

Þörf er á þekkingu og reynslu af vélum/tækjum í verktaka-umhverfi og sjávarútvegi ásamt tölvu og málakunnáttu.

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 20. janúar 2016 ásamt ferilskrá á tölvupóst gudmundur@asafl.is

Öllu umsóknum verður svarað.

*Ásafl er öflugt fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vélum og tækjum fyrir sjávarútveg, verktaka, bæjarfélög og almenning.*

*Fyrirtækið er með umboð frá heimsþekktum aðilum eins og FPT, Izusu, Doosan, Hyundai, Helac, TMP, ZF, Hanix, Hidromek, HB-Nobas, Belle, Compair, SDMO, Muller, Stema GTM Professional, Selva og mörgum öðrum.*

*Ásafl er með öflugt net umboðsmanna í sölu, þjónustu, viðgerðum vítt og breitt um allt land.*




Umboðsmenn um allt land

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - www.asafl.is ÁSAFL

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

ráðum ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

## til sölu

# Draumabíllinn er á sjalfsalinn.is

Nýr auglýsingamiðill fyrir farartæki þar sem kaupendur og seljendur ganga frá bílaviðskiptum milliliðalaust

**SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT**

**ENGIN SÖLULAUN**



SJÁLFSALINN.IS

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 50%





**OFNAR, HELLUBORÐ, KÆLISKÁPAR, ÞVOTTAVÉLAR, HRAÐSUÐUKATLAR, ÖRBYLGJUOFNAR, UPPÞVOTTAVÉLAR, HEILSUGRILL, KAFFIVÉLAR, ÚTLITSGALLAÐAR KITCHENAID HRÆRIVÉLAR!**









*Sjá allt úrvalið á www.ef.is*

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

*Mánudaga-föstudaga 9-18 og laugardaga 11-15*

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Í dag verða austan 5 til 13 metrar á sekúndu og snjókoma með köflum austantil á landinu, en þurrt vestanlands og þar mun sjást til sólar. Frost 0 til 5 stig.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -1° | 0° |
| ←15 | ←12 | ←9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 2° | -5° |
| ←9 | ←11 | ←6 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | 0° | -1° |
| ←17 | ←16 | ←15 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 3° | -2° |
| ←13 | ←19 | ←18 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. tilfinninganæmur
6. í röð
8. vafi
9. keyra
11. hreyfing
12. ríki
14. akstursíþrótt
16. samtök
17. að
18. viður
20. til dæmis
21. ættgöfgi

**LÓÐRÉTT**
1. málmur
3. tveir eins
4. yfirsýn
5. skjögur
7. baptisti
10. síða
13. veitt eftirför
15. rotnunarlykt
16. sigað
19. persónufornafn



**LÁRÉTT: 2.** meyr, **6.** rs, **8.** efi, **9.** aka, **11.** ið, **12.** níger, **14.** rallý, **16.** aa, **17.** til, **18.** tré, **20.** td, **21.** tign. **LÓÐRÉTT: 1.** úran, **3.** ee, **4.** yfirlit, **5.** rið, **7.** skírari, **10.** aga, **13.** elt, **15.** ýlda, **16.** att, **19.** ég.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | |
| 4 | 5 | | | | 9 | 8 | | |
| | | | 5 | | | | | 4 |
| | 7 | | | 9 | 8 | | 5 | |
| 1 | | | 2 | | | | | |
| | 9 | 4 | | 5 | | 7 | | 8 |
| | | | 4 | | 3 | | | 7 |
| 6 | | | | | | 3 | 2 | |
| 7 | | | | 1 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 8 | 6 | 7 | | | 2 | |
| | | | 1 | | 4 | | 7 | |
| | 2 | | | 9 | | | 1 | 3 |
| 8 | | 6 | 4 | | 9 | | 3 | |
| 1 | 7 | | | | 5 | | | |
| | | | | 8 | | | | |
| | | 1 | 8 | | | | 5 | |
| | | 5 | | | | | | |
| 4 | | | 3 | | | 8 | | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 9 | 7 | | 4 | 2 | | |
| | | | | 5 | | | | 8 |
| | | | 3 | | | 1 | | |
| | | 1 | | | | 4 | | |
| | 9 | | | 2 | 3 | | | |
| 6 | 8 | 2 | | | | | | |
| 4 | | | 2 | | | | | 1 |
| | | 7 | | | 6 | | | |
| | | | 4 | | 8 | 3 | | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausn verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |












## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




1.298 kr. kg

**Norðanfiskur Ýsubitar**
Roð- og beinlausir, frosnir




1.098 kr. kg

**Norðanfiskur Þorskbitar**
Roð- og beinlausir, frosnir




1.598 kr. kg

300 kr. Verðlækkun pr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg

## HOLLUSTA Á GÓÐU VERÐI




898 kr. 1 kg

**Grænmetisbuff**
Forsteikt og frosin, 1 kg




998 kr. 800 g

**Bónus Þorskbitar í raspi**
Forsteiktir og frosnir, 800 g




459 kr. 400 g

**Bónus Chiafræ**
400 g




298 kr. 1 kg

**Bónus Tröllahafrar,** 1 kg




95 kr. 500 g

**Euro Shopper Haframjöl,** 500 g




69 kr. 100 g

**Euro Shopper Rískökur,** 100 g




198 kr. 1 l

**Floridana Heilsusafi**
1 lítri

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Verð gilda til og með **10. janúar** eða meðan birgðir endast

# Kristján og Diddú syngja fyrir vinafélagið

**Nýstofnað vinafélag Söngskóla Sigurðar Dementz stendur fyrir áhugaverðum tónleikum í kvöld þar sem bæði koma fram kennarar og nemendur.**


Kristján Jóhannsson tenór.


Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran.

Nýstofnað vinafélag Söngskóla Sigurðar Demetz heldur sína fyrstu skemmtun í upphafi ársins 2016 með stórtónleikum í Iðnó, þriðjudaginn 5. janúar, þar sem fram koma valinkunnir söngvarar, ásamt kennurum við skólann og nemendum. Húsið er opnað kl. 20 en tónleikarnir byrja kl. 20.30

Meðal þeirra sem koma fram eru: Kristján Jóhannesson, Lilja Guðmundsdóttir, Kristinn Thor Schram Reed og Jóhann Schram Reed sem öll hafa stundað nám við skólann. Þá koma fram tveir af kennurum skólans, þau Kristján Jóhannsson og Sigrún Hjálmtýsdóttir – Diddú. Einnig koma fram tveir nemendur skólans, þær Lísa Mary Viðarsdóttir og Anna Guðrún Jónsdóttir og leika Guðrún Dalía og Snorri Sigfús Birgisson með listamönnunum á píanó. Kynnir verður Ævar Kjartansson. Að auki verður sérstakur leynigestur sem gert hefur garðinn frægan síðustu ár.

Tilgangur vinafélagsins er að styðja á ýmsan hátt við Söngskóla Sigurðar Demetz, en ekki síður að heiðra minningu Sigurðar Demetz sem var fyrsti verndari skólans. Verður það gert með ýmsum viðburðum og eru þessir tónleikar þeir fyrstu eftir stofnun skólans.

Allir eru velkomnir í vinafélag Söngskóla Sigurðar Demetz og stuðla með því að eflingu söngmenntunar og viðburða skólans. Vinir Sigurðar Demetz eru sérstaklega boðnir velkomnir í félagið.

Ókeypis er á tónleikana fyrir félaga í vinafélaginu en hægt er að ganga í það á staðnum. Árgjald er 5.000 krónur fyrir einstaklinga en 6.000 krónur fyrir hjón/pör. Námsmenn greiða hálft gjald og vonast vinafélagið til að sjá sem flesta á skemmtuninni. **– mg**

**Á TÓNLEIKUNUM KEMUR FRAM SÉRSTAKUR OG SPENNANDI LEYNIGESTUR SEM GERT HEFUR GARÐINN FRÆGAN SÍÐUSTU ÁR.**

Léttara líf í Heilsuborg

Vilt þú vinna með þyngdarstjórnun og ná árangri sem endist?
Komdu og taktu fyrsta skrefið í átt að betri heilsu.



Þú ert í góðum höndum hjá okkur því allir þjálfarar og sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi.

Heilsulausnir - léttara líf
Kynningarfundur
Miðvikudaginn 6. janúar
kl. 17:30 í Faxafeni 14
Allir velkomnir

TAKTU SKREFIÐ!

Heilsulausnir – léttara líf hefst 18. janúar

Unnið er með hreyfingu, næringu, skipulag daglegs lífs og hugarfar í nýrri útgáfu af þessu vinsæla námskeiði.
Að námskeiðinu standa íþróttafræðingar, hjúkrunarfræðingar, læknir, ástríðukokkur, næringarfræðingar, sjúkraþjálfarar og sálfræðingar.
Þjálfun í hóp með íþróttafræðingi þrisvar í viku kl. 6.20, 12.00 eða 18.30.
Aðgangur að líkamsræktinni og opnum tímum sem auka fjölbreytni í þjálfun.
Fræðsludagskrá samkvæmt stundaskrá og stuðningur í lokuðum hópi á facebook.
Sýnikennsla í matreiðslu, smakk, fjölbreyttar uppskriftir og matseðlar.

Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
- Þín brú til betri heilsu

www.heilsuborg.is
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010

# Undirstrika frjálslegt andrúmsloft og fallega upplifun

Söngkonan Sólrún Bragadóttir verður fyrsti gestur Arnhildar Valgarðsdóttur, organista í Fella- og Hólakirkju, í nýrri tónleikaseríu sem hefst á fimmtudaginn, 7. janúar, og nefnist Frjáls eins og fuglinn.

„Sólrún er búsett á Ítalíu en er stödd á landinu til janúarloka og ég var svo heppin að fá hana til að hefja seríuna. Við flytjum eintómar Ave Maríur fyrir hlé, bæði þekktar og fágætar og eftir hlé velur Sólrún lög eftir stemningu salarins. Það verður spennandi,“ segir Arnhildur sem tók við organistastöðunni 1. september á síðasta ári og er upphafsmaður tónleikanna og skipuleggjandi.

„Nafnið á seríunni á að undirstrika frjálslegt andrúmsloft á tónleikunum og fallega upplifun bæði flytjenda og tónleikagesta,“ segir Arnhildur. Hún reiknar með mánaðarlegum tónleikum, venjulega fyrsta fimmtudagskvöld hvers mánaðar. „Ég vona að fólk njóti þess að fljúga frjálst eins og fuglinn burt frá brauðstritinu og áhyggjunum og gleyma sér í tónlistinni um stund.“

Tónleikarnir byrja klukkan 20. Aðgangseyrir er 2.500 krónur og 1.500 fyrir aldraða og öryrkja en ókeypis fyrir börn. Ekki verður posi á staðnum. **gun@frettabladid.is**



**Þær Arnhildur og Sólrún ætla að flytja Ave Maríur á fyrri hluta tónleikanna og bland í poka eftir hlé.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Kristín Bjarnadóttir, fv. prófessor.**

## Táknmál og talnaritun

Næstkomandi fimmtudag kl. 16.30 í Öskju verða fluttir tveir fyrirlestrar í fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands um Sturlungaöld og verður þar fjallað um handrit og húsakynni á Sturlungaöld:

Árni Einarsson dýravistfræðingur ræðir um táknmál í ritum Sturlungaaldar. Lærðir rithöfundar á miðöldum notuðu staðlað táknmál til að leiða lesendur á æðri vitsmunastigu, venjulega til að rækta trú þeirra. Lærðir menn á Íslandi kunnu táknmálið og í ýmsum ritum Sturlungaaldar, m.a. í Sturlungu sjálfri, má greina markvissa notkun táknmynda í þessum tilgangi. Í fyrirlestrinum verður stutt kynning á einkennum og uppruna táknmáls miðalda og þeirri heimsmynd sem það byggðist á og dæmi tekin úr íslenskum ritum, m.a. Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar og Ólafs sögu helga.

Kristín Bjarnadóttir, prófessor emeritus í stærðfræðimenntun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, fjallar um Algorismus, fornan texta um indóarabíska talnaritun sem er að finna í nokkrum íslenskum miðaldahandritum. Kunnast handritanna er Hauksbók frá um 1302–1310. Algorismus er þýðing á latnesku skólaljóði, Carmen de Algorismo, eftir Alexander de Villa Dei, franskan námsefnishöfund sem uppi var um 1200. Skýrðar verða reikniaðferðir þær sem settar eru fram í Algorismus og sýnt fram á að þar sé um stærðfræðilega réttar aðferðir að ræða. Enn fremur verða raktar þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á uppruna texta Algorismus og rædd tilgáta um að ritið hafi verið þýtt og skráð í Viðeyjarklaustri um eða fyrir miðja 13. öld.

Fyrirlestrar Miðaldastofu Háskóla Íslands eru öllum opnir, aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir. **– mg**

**Náð mín nægir þér því að mátturinn fullkomnast í veikleika.**

www.versdagsins.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

JOY
Frá leikstjóra Silver Linings Playbook og American Hustle
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SISTERS
BIG SISTERS DON'T ALWAYS KNOW BEST.
TINA FEY AMY POEHLER
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SNATI OG KALLI BJARNA SMÁFÓLKIÐ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

FORSALA Í FULLUM GANGI
THE HATEFUL EIGHT
Frumsýnd 6. janúar

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

STAR WARS ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
JOY ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
SISTERS ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
SNATI OG KALLI BJARNA SMÁFÓLKIÐ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| JOY | 10:30 |
| SISTERS | 5:30, 8 |
| SMÁFÓLKIÐ 2D | 4:50 |
| STAR WARS 3D | 5, 8, 10:45 |
| STAR WARS 2D | 7, 10 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG

NÝÁRSMYNDIN 2016
★★★★ BOSTON GLOBE
HASARATRIÐIN GERAST EKKI FLOTTARI
MEIRIHÁTTAR ÁRAMÓTASPRENGJA
POINT BREAK
LUKE BRACEY
EDGAR RAMIREZ
TERESA PALMER
RAY WINSTONE
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Þökkum frábærar viðtökur
67.000 manns
★★★★★ K.Ó. VISIR.IS
★★★★★ TOTAL FILM
USA TODAY
★★★★★ S.G.S. MORGUNBLAÐIÐ
Stærsti kvikmyndaviðburður allra tíma.
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| POINT BREAK | KL. 5:30 - 8 - 10:30 - 10:55 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 8 - 10:55 |
| STAR WARS 2D | KL. 5 - 8 - 10:20 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:55 |
| SMÁFÓLKIÐ ÍSL TAL 2D | KL. 6 |
| LOVE THE COOPERS | KL. 8 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 8 - 10:40 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| POINT BREAK | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 8 - 10:55 |
| STAR WARS 2D | KL. 6 - 9 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| POINT BREAK | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| STAR WARS 2D | KL. 7 - 10 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 8 - 10:30 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| POINT BREAK | KL. 8 - 10:55 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 8 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:30 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| POINT BREAK | KL. 8 - 10:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 8 - 10:55 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

SMÁFÓLKIÐ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
GÓÐA RISAEÐLAN ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

**5. JANÚAR 2016**

## Uppákomur

**Hvað?** Gong-næring
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ljósheimar, Borgartúni 3 -4
Tækifæri til djúprar slökunar. Stundin hefst á hugleiðslu sem tengist þema gong-næringarinnar, slökun er leidd og svo leikið á tvö gong. Gott er að koma í þægilegum fötum, með vatnsbrúsa og jógadýnu meðferðis ef kostur er á. Aðgangseyrir er 3.000 krónur.

## Dans

**Hvað?** Dans í dimmu #17
**Hvenær?** 18.50
**Hvar?** Dansverkstæði, Skúlagata 30
Klukkutími þar sem dansað, glaðst og svitnað er í myrkri. Miðaverð er 1.000 krónur og einungis er tekið við reiðufé. Fimm skipta kort á 3.000 krónur.

## Tónlist

**Hvað?** Perlur íslenskra sönglaga
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kaldalón, Harpa
Íslensk sönglög flutt og kynnt. Viðfangsefnin tengjast áramótum með einum eða öðrum hætti og sungið verður meðal annars um álfa, huldufólk, tröll og útilegumenn. Flytjendur eru þau Lilja Guðmundsdóttir, sópran, Fjölnir Ólafsson, baritón, Eva Þyri Hilmarsdóttir, píanóleikari, og Sigurjón Bergþór Daðason, klarínettuleikari. Sungið er á íslensku en kynningarnar fara fram á ensku. Miðaverð er 3.900 krónur.



**Hvað?** Kvartett Inga Bjarna
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel
Kvartett píanóleikarans Inga Bjarna kemur fram á djasskvöldi Kex hostels í kvöld. Kvartettinn skipa auk Inga Bjarna þeir Sigurður Flosason á saxófón, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Magnús Trygvason Eliassen á trommur. Flutt verður tónlist eftir Inga Bjarna en hann stundar framhaldsnám í Hollandi. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Djass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tíu dropar, Laugavegur 27

**Hvað?** Trúbadorinn Arnar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** English pub

**Hvað?** HMM: Disco
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið

## Kvikmyndir

**Hvað?** Sherlock – Jólaþáttur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Sérstakur jólaþáttur um ævintýri spæjarans snjalla Sherlock Holmes með þeim Benedict Cumberbatch og Martin Freeman í aðalhlutverkum. Miðaverð er 1.400 krónur.



Perlur íslenskra sönglaga verða fluttar í Hörpu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Kvartett Inga Bjarna Skúlasonar, píanóleikara verður á djasskvöldi Kexi í kvöld. MYND/VALDIMAROLGEILSSON

# Leika djass á Kexi

Á næsta djasskvöldi Kex hostels sem fram fer í kvöld leikur kvartett píanóleikarans Inga Bjarna Skúlasonar.

„Ég er bara að spila efni eftir mig, mikið af því er nýtt efni en einnig efni af diski sem ég gaf út síðasta sumar með Skarkala tríói. Þetta verður svona blanda af gömlu og nýju frumsömdu efni,“ segir Ingi Bjarni en hann leggur stund á tónlistarnám í Hollandi og segist reyna að halda tónleika hér á landi þegar hann kemur yfir sumar- og vetrartímann.

Auk hans skipa hljómsveitina þeir Sigurður Flosason á saxófón, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Magnús Trygvason Eliassen á trommur. Ingi Bjarni hefur leikið ásamt þeim Magnúsi og Þorgrími áður en ekki Sigurði. „Ég hlakka mikið til að spila með þeim, þetta eru flottir tónlistarmenn,“ segir hann glaður í bragði.

Tónleikarnir fara fram á Kex hosteli sem er á Skúlagötu 28. Líkt og venjulega er aðgangur ókeypis og hefjast tónleikarnir um klukkan 20.30 og standa yfir í rúmar tvær klukkustundir með hléi.

ÚTSALA
38
ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | | | |
|---|---|---|---|
| A Perfect Day | 18:00, 20:00 | Glænýja Testamentið | 20:00 |
| Sherlock Christmas Special | 18:00 | Youth | 22:00 |
| Fúsi | 18:00 | 45 Years | 22:00 |
| Magic in the Moonlight | 20:00 | Hrútar | 22:15 |

A PERFECT DAY
SHERLOCK THE ABOMINABLE BRIDE


HotYoga
Byrjaðu árið af krafti!
Jóhanna Karlsdóttir
Með gráðu í yogafræðum frá Yoga Alliance
HOT YOGA ÁSKORUN
Við skorum á þig að stunda Hot Yoga alla daga vikunnar í 4 vikur!
Frjáls aðgangur að 15 Hot Yoga tímum í viku
SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
KÓPAVOGUR
Dalsmára 9-11 201 Kópavogi 564 4050 www.sporthusid.is
Boot cAmp
Skráðu þig NÚNA á bootcamp.is
Þú getur alltaf meira en þú heldur.
Hjá okkur kemstu að því hvar mörkin þín liggja!



2 | 20:10
**SECRET LIFE OF 4 YEAR OLDS**
Frábærir þættir sem veita okkur innsýn inn í líf nokkurra fjögurra ára einstaklinga sem eru að taka sín fyrstu skref í átt að sjálfstæði. Hér eru þau að læra um mikilvægu hlutina í lífinu eins og vináttu og að mynda tengsl.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 21:00
**LEGENDS**
Hörkuspennandi þættir um Martin Odum sem starfar fyrir bandarísku alríkislögregluna FBI.



2 | 21:45
**TRANSPARENT**
Frábærir gamanþættir um fjölskyldu sem þarf aldeilis að breyta ýmsu í sínu lífi þegar höfuð fjölskyldunnar kemur með tilkynningu sem kemur þeim öllum í opna skjöldu.




2 | 22:15
**TIG NOTARO: BOYISH GIRL INTERRUPTED**
Sérstök heimildamynd frá árinu 2015 þar sem fjallað er um skemmtikraftinn Tig Notaro sem hefur verið tilnefnd til Grammy verðlauna.



b | 22:00
**DREDD**
Spennandi mynd þar sem framtíðinni er ógnað af glæpamönnum sem gefa fólki eiturlyf til að gera það að viljalausum verkfærum sínum.



3 | 20:15
**ONE BORN EVERY MINUTE**
Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Krakkastöðin | 19:00
**SKÓGARDÝRIÐ HUGO**
Skemmtileg teiknimynd um skógardýrið Hugó og vinkonu hans Ritu en saman lenda þau í alls kyns spennandi ævintýrum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle
**08.25** Junior Masterchef Australia
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Cristela
**10.40** Suits
**11.50** Proof
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**16.05** Hollywood Hillbillies
**16.30** Surviving Jack
**16.55** Scooby-Doo! Leynifélagið
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar Le
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu á hverjum degi.
**19.25** Anger Management
**19.45** Mom
**20.10** Secret Life of 4 Year Olds (1:1) Frábærir þættir sem veita okkur innsýn í líf nokkurra fjögurra ára einstaklinga sem eru að taka sín fyrstu skref í átt að sjálfstæði. Hér eru börnin að læra um mikilvægu hlutina í lífinu eins og vináttu og mynda tengsl.
**21.00** Legends (8:10)
**21.45** Transparent (1:10)
**22.15** Tig Notaro. Boyish Girl Interrupted
**23.10** Covert Affairs
**23.55** Flesh and Bone
**00.55** Catastrophe
**01.20** Mistresses
**02.05** Backstrom
**02.50** Labor Pains
**04.20** The Last Stand

## SPORT

**10.55** Spænsku mörkin 2015/2016
**11.25** Dominos-deildin 2015/216
**12.50** NBA 2015/2016 - Regular Season
**14.40** NBA
**15.50** Meistaradeild Evrópu í handbolta 2015/2016
**17.15** Markaþáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
**17.45** Spænski boltinn 2015/2016
**19.25** Spænsku mörkin 2015/2016
**19.55** League Cup 2015/2016
**22.00** Formúla E - Beijing
**23.25** UFC Now 2015
**00.15** Ítalski boltinn 2015/2016

## SPORT 2

**07.00** Messan
**08.15** Messan
**10.35** Football League Show 2015/16
**11.05** Premier League 2015/2016 L
**12.45** Premier League 2015/2016
**14.25** Premier League 2015/2016
**16.05** Premier League 2015/2016
**17.45** Messan
**19.00** Premier League Review 2015
**19.55** League Cup 2015/2016
**22.00** Premier League 2015/2016
**23.40** Premier League 2015/2016

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Franklin Templeton Shootout
**12.10** Shriners Open
**15.25** PGA Tour 2015 - Highlights
**16.20** 2015 PGA Tour Review of the Year
**17.10** 2015 Augusta Masters
**22.25** 2015 FedExCup Playoffs Official Film
**23.15** Golfing World 2015

## STÖÐ 3

**18.40** One Big Happy
**19.05** Schitt's Creek
**19.30** Project Runway
**20.15** One Born Every Minute
**23.20** Last Ship
**00.00** American Horror Story. Freak Show
**01.05** Project Runway
**01.45** One Born Every Minute
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Tommi og Jenni
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Rasmus Klumpur og félagar
**08.55** UKI
**09.00** Lukku-Láki
**09.23** Kalli á þakinu
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Brunabílarnir
**10.25** Ljóti andarunginn og ég
**10.47** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Tommi og Jenni
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Rasmus Klumpur og félagar
**12.55** UKI
**13.00** Lukku-Láki
**13.23** Kalli á þakinu
**13.47** Ævintýraferðin
**14.00** Brunabílarnir
**14.24** Ljóti andarunginn og ég
**14.46** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Tommi og Jenni
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Rasmus Klumpur og félagar
**16.55** UKI
**17.00** Lukku-Láki
**17.23** Kalli á þakinu
**17.47** Ævintýraferðin
**18.00** Brunabílarnir
**18.24** Ljóti andarunginn og ég
**18.46** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Skógardýrið Húgó



19:00 Könnuðurinn Dóra

## GULLSTÖÐIN

**18.05** Fókus
**18.35** The Big Bang Theory
**18.55** Friends
**19.20** The New Girl
**19.40** Modern Family
**20.05** Veggfóður (9:20)
**20.45** Hið blómlega bú - hátíð í bæ (5:6)
**21.15** Klovn (9:10) Fjórða þáttaröðin um þá félaga Frank og Casper og þeirra ótrúlegu ævintýri sem oft á tíðum eru meira en lítið neyðarleg.
**21.45** Nikita
**22.30** Dallas
**23.10** Chuck
**23.55** Cold Case
**00.40** Veggfóður
**01.20** Hið blómlega bú - hátíð í bæ
**01.50** Klovn
**02.15** Nikita
**02.55** Dallas
**03.35** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.00** Won't Back Down
**14.00** Straight A's
**15.30** House Of Versace
**17.00** Won't Back Down
**19.00** Straight A's
**20.30** House Of Versace Dramatísk kvikmynd frá 2013 með Gina Gershon í hlutverki Donatella Versace og fjallar um um erfiðleikana sem fylgdu því fyrir hana að taka við stjórninni á tískuhúsinu þegar bróðir hennar Gianni Versace var myrtur árið 1997.
**22.00** Dredd
**23.40** + 1
**01.15** Conviction
**03.10** Dredd

## RÚV

**16.35** Downton Abbey
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Hopp og hí Sessamí
**18.19** Millý spyr
**18.26** Sanjay og Craig
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Sjöundi áratugurinn – Morðið á Kennedy forseta (1:10)
**21.00** Ahmed og Team Physix (1:6) Norskir heimildarþættir þar sem fylgst er með Ahmed, sem tókst með þrotlausum æfingum og einbeitingu að koma lífi sínu í jákvæðan farveg. Í kjölfarið einsetur Ahmed sér að hjálpa eins mörgum ungmennum og hann getur að finna tilgang með tilverunni.
**21.15** Castle (12:23) Höfundur sakamálasagna nýtir innsæi sitt og reynslu til að aðstoða lögreglu við úrlausn sakamála. Meðal leikenda eru Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpasveitin
**23.20** Þýskaland '83
**00.10** Kastljós
**00.45** Fréttir

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.45** Minute To Win It
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.20** King of Queens
**13.45** Dr. Phil
**14.25** The McCarthys
**14.50** Design Star
**15.40** Judging Amy
**16.20** Eureka
**17.05** Survivor
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Black-ish
**20.15** The Good Wife
**21.00** Madam Secretary
**21.45** Elementary
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Extant
**00.35** I Now Pronounce You Chuck And Larry
**02.30** Madam Secretary
**03.15** Elementary
**04.00** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.40** The Late Late Show with James Corden

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

# netto

markhönnun ehf



# sistema®
# SKIPULAGS**DAGAR**

## HIN FULLKOMNA GEYMSLULAUSN



400 ml box



175 ml box



375 ml box



810 ml box



1,7 l box

**MIKIÐ ÚRVAL**



TRAUSTIR
Kassarnir eru sterkbyggðir og þola vel hnjask sem fylgir flutningum og geymslu.



STAFLANLEGIR
Kassarnir er hannaðir með það fyrir augum að allar stærðir staflist haganlega saman og taki sem minnst pláss.



| | 14L | 27L | 40L | 30L | 60L | 90L |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Smáhlutabakki** – Hvítur, seldur sér | ✓ | ✓ | ✓ | | | |
| **Skipulagsbox – lítil** – Hvít, 3 í pakka m/lokum | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| **Skipulagsbox – stór** – Hvít, 3 í pakka m/lokum | | ✓ | ✓ | | ✓ | ✓ |
| **Skjalamöppufestingar** – 2 í pakka | | | ✓ | | | |
| **Merkimiðar** – 8 í pakka | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| **Áfestanlegir gúmmítappar** – 8 í pakka | | | | | | |
| **Áfestanleg snúningshjól** – 4 í pakka | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# TILBÚIN Í SKÓLANN?




20% afsláttur

**Vasareiknir**
**Casio FX-350MS**
TILBOÐSVERÐ: 2.359.-
Verð áður: 2.949.-




40% afsláttur

**Áherslupennar mjóir**
TILBOÐSVERÐ: 227.-
Verð áður: 379.-




TILBOÐ:
PAKKI (5 STK)
40% AFSLÁTTUR!
1.647.-
áður: 2.745.-

**Stíla/Reikningsbók A4**
**með gormi**
TILBOÐSVERÐ: 329.-
Verð áður: 549.-
*Verð pr. stk. í pakka

30% afsláttur



**Bréfabindi A4,**
**70 mm kjölur**
TILBOÐSVERÐ: 384.-
Verð áður: 549.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum



**549 kr.**
**41% afsláttur**

EU Ecolabel www.ecolabel.eu

**Fjölnotapappír Pennans**
TILBOÐSVERÐ: 549.-
Verð áður: 938.-



**40% afsláttur**

**Fagskiptar stílabækur (A4, A5)**
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 929.-
Verð áður frá: 1.549.-



**99 kr.**
**63% afsláttur**

**Skrúfblýantur 0,5 mm**
TILBOÐSVERÐ: 99.-
Verð áður frá: 269.-

# ALLAR NÝJAR NÁMS BÆKUR

# 20% VILDAR AFSLÁTTUR






Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð og Vildartilboð gildia frá 5. janúar, til og með 6. janúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Frábær viðbrögð um alla Evrópu

**Agent Fresco** lauk fyrir skömmu við sína stærstu tónleikaferð til þessa og er á leið í aðra ferð í janúarmánuði.

Gunnar Leó
gunnarleo@frettabladid.is

Hljómsveitin Agent Fresco lauk nýverið við sína stærstu og umfangsmestu tónleikaferð til þessa. Tónleikarnir voru þrjátíu talsins og kom sveitin víða við í Evrópu á ferð sinni. „Þetta var þriðji langi túrinn okkar en þessi var ögn lengri en hinir. Við héldum af stað 18. nóvember og komum heim 21. desember og spiluðum um 30 tónleika. Flesta í Þýskalandi en við fórum um víðan völl eða til Hollands, Bretlands, Skotlands, Frakklands, Þýskalands, Póllands, Tékklands, Austurríkis, Slóveníu, Ítalíu, Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands og Rússlands,“ segir Þórarinn Guðnason, gítarleikari sveitarinnar, spurður út í ferðalagið mikla.

**Alls kyns tónleikastaðir**

Agent Fresco hafði áður spilað í nokkrum af þeim borgum sem sveitin heimsótti í þessari tónleikaferð og segist Þórarinn hafa fundið fyrir því að aðdáendahópurinn hafi stækkað í þeim borgum. „Við höfðum spilað í sumum þessara borga áður og fundum alveg greinilegan mun. Við spiluðum á tónleikastöðum sem rúma alveg frá um 150 manns upp í 600 manns. Stærð staðarins segir þó lítið um stemninguna sem myndast á tónleikunum og sumir af eftirminnilegustu tónleikunum voru á litlum stöðum. Til dæmis voru tónleikarnir á litlum klúbb tæpum tveimur vikum eftir árásirnar á Bataclan í París ótrúlega magnþrungnir og fallegir,“ útskýrir Þórarinn.

Agent Fresco gaf á síðasta ári út sína aðra breiðskífu, Destrier, og skoraði hún mjög hátt hjá tónlistargagnrýnendum og var án nokkurs vafa ein af plötum ársins.

**Rifist um bestu sætin**

Meðlimir sveitarinnar náðu að nýta tímann til þess að fræðast um þá staði sem þeir heimsóttu en tíminn var þó af skornum skammti. „Við vorum einir á ferð en nánast alltaf með upphitunarbönd. Það var skemmtilegt því þetta var oftast lókal fólk sem gat frætt mann aðeins um svæðið þó að lítill tími hafi gefist til að skoða sig um í borgunum sem við spiluðum í. Svo voru nokkrir tónleikar þar sem við vorum að hita upp fyrir stærri hljómsveitir.“

Löng ferðalög geta tekið á en hvernig fór um strákana þennan mánuð? „Við ferðuðumst um allt á „van“ sem var sérstaklega hannaður fyrir svona ferðalög. Breski tourmanagerinn okkar hann John keyrði, Arnór sat við hliðina á honum sökum bílveiki og ég, Keli, Vignir og Jói hljóðmaður rifumst um bestu sætin aftur í. Það var eitt rúm sem við lögðum bann á til að minnka hættu ef við skyldum lenda í árekstri. Svo gistum við á misgóðum hótelum í hverri borg,“ segir Þórarinn.

**Mikill meðbyr þessa dagana**

Ég spyr Þórarin út í rokkstjörnulífernið, hvernig voru menn að meta lífernið á túrnum? „Þetta verður furðuleg rútína eftir ekki mjög langan tíma. Vakna, keyra mestallan daginn, róta inn, borða, spila, hitta fólk, róta út, keyra upp á hótel og endurtaka svo daginn eftir. Það er lítið svigrúm fyrir djamm og annað rugl í svona ferð og ég reyni að nýta þann litla frítíma sem við höfum til að hlaða batteríin eða gera eitthvað pródúktívt,“ útskýrir Þórarinn.

Agent Fresco fékk frábær viðbrögð á tónleikum sínum og segist Þórarinn finna mikinn meðbyr þessa dagana. „Það sem stóð þó helst upp úr í tónleikaferðinni voru viðbrögðin sem við fengum frá fólki. Við finnum ótrúlegan meðbyr þessa dagana og það er greinilegt að fólk er að gefa sér tíma í að hlusta og pæla mikið í tónlistinni okkar bæði hér heima og úti sem er ótrúleg tilfinning og gerir allt harkið svo algerlega þess virði. Það voru líka nokkrir tónleikar sem voru sérstaklega eftirminnilegir. Tónleikarnir í London, Moskvu, Dresden og París voru til dæmis einstaklega góðir. Fólk var líka oft uppátækjasamt með skemmtilegar gjafir og notaði til dæmis myndina af vinkonu okkar henni Hebu sem prýðir framhliðina á Destrier til að skreyta köku og bassatrommuskinn.“

**Á leið í aðra tónleikaferð**

Agent Fresco á í nógu að snúast á næstunni og er að fara í aðra tónleikaferð síðar í þessum mánuði og þá með bandarísku rokkhljómsveitinni Coheed and Cambria. „Við erum að fara aftur út í janúar til að fara að spila með hljómsveitinni Coheed and Cambria sem er frábært tækifæri fyrir okkur til að ná til nýrra hlustenda enda mjög stórt band. Svo erum við bara byrjaðir að huga að næstu plötu og ég er svolítið í hugmyndavinnunni núna en fer á fullt á næstunni þegar tími gefst,“ segir Þórarinn.


Agent Fresco á góðri stund í Leeds.


Jóhann Rúnar Þorgeirsson hljóðmaður hélt upp á þrítugsafmælið sitt á túrnum.


Tónleikastaður undir lestarbraut í miðborg Vínar.

MYND/LIAM SEXTON


Hljómsveitin gisti meðal annars í gömlu slóvensku fangelsi. MYND/ÞÓRARINN GUÐNASON


Frábær stemning á tónleikum sveitarinnar í Moskvu.




okkar vinsæla
ÚTSALA
17
... er hafin
Libertine-Libertine
SAMSØE ф SAMSØE
modström
Nudie Jeans co
CATERPILLAR
WOLVERINE
JUST FEMALE
minimum
CONVERSE
carhartt
MOSS REYKJAVIK
NEO NOIR
DIESEL
!Solid
CHEAP MONDAY
MAÓ
BULL BOXER
Herschel
VITO
Sparkz
SisterS point
PCC
W.A.C.
2ND ONE
allt að 50% afsláttur
gallerisautján
facebook /gallerisautjan
Instagram /@galleri 17
Instagram /@galleri 17herrar
/galleri17







# Aukin pressa sem fylgir Skaupinu

Allir hafa skoðun á Áramótaskaupinu og eru skoðanirnar nánast jafn misjafnar og þær eru margar. Fréttablaðið tók nokkra aðstandendur þess tali og kannaði hvernig þeim þykja viðbrögðin hafa verið.

## VAR Á TWITTER ALLAN TÍMANN



„Skaupið er sérstakt fyrirbæri, ég held að það tíðkist ekki annars staðar að það sé sýndur grínþáttur einu sinni á ári sem 90 prósent þjóðarinnar horfir á og það hafa allir mjög sterkar skoðanir á honum. Þetta er mjög erfitt verkefni og það er rosalega erfitt að höfða til allra. Þetta grín sem á að henta öllum er ákveðin formúla af gríni sem er mikill óvinur grínista. Það er ekki hægt að búa til fullkomið skaup en einhvern tímann var talað um að takist þér að hlæja kannski þrisvar sinnum upphátt yfir skaupinu þá hafi það gengið vel, ég er nú ekki alveg sammála því og vona að fólk hafi almennt hlegið örlítið meira en það. Þetta er rosalega vanþakklátt og fólk er að vinna miklu meira en það er kannski að fá borgað fyrir,“ segir Steindi Jr. grínisti en hann bæði lék og var einn handritshöfunda.

Steindi sökkti sér ofan í samfélagsmiðla eftir skaupið. „Að sjálfsögðu á maður að slökkva á samfélagsmiðlunum á gamlárskvöld en ég var á Twitter allt skaupið. Klukkan tólf var kærastan mín sífellt að segja mér að koma fram og vera með fólkinu en ég var í svona klukkutíma eftir skaup lokaður inni í herbergi að skoða viðbrögð á samfélagsmiðlunum. Mér fannst flestir jákvæðir en auðvitað er þetta ekki fyrir alla. Ég held samt að þetta hafi verið vel heppnað skaup en held þó að elsta fólkið hafi átt erfiðast með að skilja þetta.

Persónulega finnur maður minnst fyrir neikvæðninni því það fólk sem talar beint við mann er yfirleitt frekar jákvætt. Annars byrja ég öll samtöl þessa dagana á; Hefur þú heyrt eitthvað neikvætt? og sendi kærustuna mína í vettvangsferð til að hlera og kanna viðbrögð.“

## ÞAÐ MÁ ALLTAF LÆRA AF GAGNRÝNI



„Mér finnst þetta reyndar ekki vera vanþakklátt starf. Þetta er gaman og krefjandi en maður veit að maður getur ekki gert öllum til hæfis,“ segir leikkonan Katla Margrét Þorgeirsdóttir.

Hún segir vissulega ákveðna pressu fylgja því að taka þátt í skaupinu. „Þetta er flókið form og það er á mörgu að taka. Það eru fullt af fínum línum í svona ferli og auðvelt að vera viðkvæmur. Þegar upp er staðið þá finnst mér þetta þess virði.“

Hún segir þó að fólk hafi ekki persónulega samband við sig til að tjá sig um skaupið. „Nei, alls ekki. En fólk viðrar alveg skoðanir sínar og mér finnst gaman að ræða skaupið. Það má alltaf læra af gagnrýni og hún getur verið lærdómsrík.“

Hún sökkti sér þó ekki niður í samfélagsmiðla á meðan á sýningu stóð. „Ég tími ekki að eyða svona góðu kvöldi í að vera að skoða samfélagsmiðla, ég vil frekar vera með fjölskyldunni. Ég nenni ekki að eyða kröftum í þetta. Ég er alveg til í að heyra skoðanir og en ekki skítkastið.“

## GÚGLAÐI SIG EFTIR FYRSTA SKAUPIÐ



„Jú, þetta er vanþakklátt starf en maður gleymir því alltaf á næsta ári. Þetta er samt svo gaman, maður finnur það þegar maður er ekki með, að þá langar manni alltaf að vera með, þetta er þannig djobb. Ég held að það hafi núna verið rosaleg kynslóðaskipti. Eldri kynslóðin vill öðruvísi grín heldur en yngra fólkið. Þeir eldri vilja meiri pólitík en yngri kynslóðin vill minni pólitík,“ segir leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir um reynslu sína af Áramótaskaupum.

„Það er auðvitað aukin pressa á því að vera í skaupinu en maður þarf að hafa gaman af þessu, hvort sem maður er í framleiðslunni, skrifum eða að leika. Það er 90 prósent áhorf á þetta og allir hafa skoðanir en maður verður bara að segja fokk it.“

Hún segir að neikvæðu gagnrýnisraddirnar fari að mestu fram hjá sér. „Ég slekk bara oftast á samfélagsmiðlunum. Það fer rosa mikið fram hjá mér, ég veit ekki hvort ég eigi bara svona jákvæða vini en neikvæðnin fer eiginlega alveg fram hjá mér. Ég gerði þau mistök einu að gúgla mig eftir fyrsta skaupið mitt og auðvitað fann ég eitthvað neikvætt, það eru alltaf einhverjir sem fíla mann ekki og það er bara partur af þessu, best er að sleppa því að gúgla sig.“

# Hlæja til að þrauka í gegnum janúar




Það er okkar von, að þetta verði alltaf skemmtilegra og skemmtilegra og okkur hefur fundist það hingað til. Menn eru á tánum og það er alltaf markmiðið að verða betri en í fyrra, það segir sig sjálft,“ segir Jóhann Alfreð Kristinsson, einn meðlima grínhópsins Mið-Ísland.

Sýningar hópsins hafa verið vinsælar en þetta er fjórða sýningarár þeirra félaga.

Jóhann Alfreð segir uppistand þeirra, á ákveðinn hátt, vera samfélagslegt verkefni, þar sem janúarmánuður hefur gjarnan verið þekktur sem heldur drungalegur og þungur. „Við komum snarpir inn svona eftir áramótin. Þetta er vissulega samfélagslegt verkefni, þessa daga þegar líður tekur á janúar, þá er Íslendingurinn hálfdaufur. Þá eru jólin búin með öllu því sem þeim fylgir og enn þá langt í sumarið. Þá finnst okkur mikilvægt að bjóða fólki í Kjallarann til að hlæja smá, hlæja til að þrauka,“ útskýrir Jóhann Alfreð.

Mið-Ísland hélt tilraunauppistand um mánaðamótin nóvember og desember og segir Jóhann Alfreð að það hafi gengið vel. „Við létum allt flakka og það gekk mjög vel. Við höfum síðan setið og hert það sem þarf að herða og sýningin hefur verið að gerjast. Hver maður ber ábyrgð á sínu efni og við höfum eina reglu og hún er sú að allt efnið sé nýtt.“

Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð mynda Mið-Ísland en þó hefur Bergur Ebbi lítið getað verið með og var til dæmis bara með eina helgi síðasta vetur.

„Bergur Ebbi fór út í nám til Kanada en ætlar að koma töluvert meira í vetur, hann kemur vonandi fram fjórar helgar með okkur en kom bara einu sinni í fyrra.“ Jóhann Alfreð segist halda að Bergur Ebbi sé orðinn talsvert fyndnari eftir dvöl sína í Kanada. „Ég held hann sé orðinn fyndnari, Kanada er frægur grínpollur, þaðan koma þessir helstu meistarar eins og Mike Myers, Seth Rogen og Jim Carrey. Kanada er Mekka grínsins, aðalgrínmiðin til að sækja á. Við gerum ráð fyrir að fá hann alveg ótrúlega ferskan úr þessari gríngerjun í Vesturheimi. Þetta verður eins og að fá hann Elías úr Elíasarbókunum heim frá Kanada á fullorðinsárum,“ bætir Jóhann Alfreð við léttur í lundu. Anna Svava Knútsdóttir, Saga Garðarsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson skipta með sér að leysa Berg Ebba af, líkt og síðasta vetur.

Hið nýja uppstand verður frumsýnt í Þjóðleikhúskjallaranum þann 8. janúar. **– glp**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



2016
JUSTIN BIEBER
PURPOSE WORLD TOUR
ÁSAMT SÉRSTÖKUM GESTUM
AUKATÓNLEIKAR
8. SEPTEMBER • KÓRINN
MIÐASALA HEFST Á FÖSTUDAG KL. 10!
MIÐASALA Á TIX.IS · NÁNAR Á SENA.IS/BIEBER
#PURPOSEWORLDTOUR | JUSTINBIEBERMUSIC.COM

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Aparnir þagna

Hvaða átta atriði eru mikilvægust til þess að hlotnast velgengni?

Þessa spurningu lagði ég eitt sinn fram fyrir nemendur í nokkrum af efstu bekkjum grunnskóla í Kordóvahéraði hér á Spáni. Svörin voru vissulega af ýmsum toga. Mörg báru þess merki að þarna væri fólk með heilbrigða sál ef svo mætti segja. En eins bar þó nokkuð á því að siðfræði nokkurra væri mótuð af firna lélegu fjölmiðlaefni sem nóg er af hér syðra. Þar er yfirborðsmennskan upphafin.

Þetta eru svör eins og: eiga fræga kærustu eða kærasta, koma fram í Salvame (slúðurþáttur á Tele5), þekkja frægt fólk, vera sexí og annað í þeim dúr.

Ég hefði svo sem mátt eiga von á þessu, ég hef ekki farið varhluta af þeirri apalegu fjölmiðlun þar sem háværustu tunnurnar eru hylltar og hégómanum færðar fórnir.

Eitt sinn drakk ég kaffi og borðaði rúnnstykki á bar þar sem sjónvarpið var látið ausa þessum óskapnaði. Eftir eina viku var ég orðinn vel upplýstur um hagi Belen nokkurrar Estevan, fyrrverandi eiginkonu nautabana og óðalsbóndans Jesúlín. Ekki vinnur hún sjálf við búnaðarstörf nema hvað hún dreifir mykju um mann og annan við miklar vinsældir.

Eftir nokkra kaffitíma vissi ég hjá hverjum hún svaf um þær mundir, hvar hún keypti kjötfarsið og fleira sem ég kæri mig ekki um að muna. Í kaffitímanum fékk ég líka að vita það helsta sem var að gerast í raunveruleikaþáttum þar sem uppgerðardramatík reið ekki við einteyming.

Eftir þetta er ég farinn að finna til mikils fagnaðar þegar aparnir þagna en fólk með erindi kemst að.

Ég fann ærlega fyrir þessum fögnuði þegar greint var frá því að Þröstur Leó Gunnarsson hefði verið valinn maður ársins. Maður bæði með innistæðu og erindi. Nú er það bara að hlusta á kappann, kafa til botns í málinu, hafsbotns, í stað þess að una bara við yfirborðið.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




HEILSUFRÉTTIR FYLGJA FRÉTTABLAÐINU Í DAG!
Heilsuhúsið

Gerðu gæða- og verðsamanburð

# Janúar Útsala

## 20-50% afsláttur af völdum vörum



25% afsláttur

### 25% afsl. af 90 cm Valhöll skiptidýnu

Verð áður kr. 39.900.-
**Nú aðeins kr. 29.925.-**
Verð áður m/botni og fótum kr. 72.400.-
**Nú aðeins kr. 55.925.-** m/botni og fótum

## 20-40%

afsláttur af sýningardýnum, sýnishornum, skiptidýnum og útlitsgölluðum heilsudýnum, náttborðum og höfðagöflum

KORTER.IS



Fást í mismunandi stífleikum

25% afsláttur

### 25% afsláttur af ROYAL pocket dýnum

Verðdæmi: 180x200 cm
kr. 289.900.- með botni og fótum.
Mismunandi stífleikar
**Nú aðeins kr. 217.425.-**



### Svefnsófi

Verð áður kr. 159.900.-
3 litir **Verð nú kr. 99.900.-**

### ROYAL pocketdýnur án botns

| Stærð | Dýnuverð | Verð nú aðeins |
|---|---|---|
| 80 cm | 119.900.- | 89.925.- |
| 90 cm | 129.900.- | 97.425.- |
| 100 cm | 134.900.- | 101.175.- |
| 120 cm | 164.900.- | 123.675.- |
| 140 cm | 174.900.- | 131.175.- |
| 150 cm | 199.900.- | 149.925.- |
| 160 cm | 209.900.- | 157.425.- |
| 180 cm | 239.900.- | 179.925.- |
| 200 cm | 249.900.- | 187.425.- |

TAKMARKAÐ MAGN



### Verona - Rafstillanlegur tungusófi

hægri eða vinstri tunga.
Þykkt vandað leður
Litir: Antracie grár, off-white og taupe
Verð áður kr. 499.900.-
**Verð nú kr. 399.900.-**

### Pífur

**Allar pífur á kr. 2.000.- stykkið**
Stærðir: 97,120, 135, 193, 183x213 og 193 cm

### Beige Jerseylök

Eldri gerð á ótrúlegu verði
Stærðir: 90 cm, 97x203 cm, 100 cm, 120 cm 135x213, 140 cm
**Verð nú aðeins kr. 3000.-**
153x203 cm og 160 cm, 183x213 cm
**Verð nú aðeins kr. 4000.-**



### Svefnstóll 90 cm

Verð áður 149.900.-
**Verð nú aðeins kr. 74.950.-**



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa

Fimm stjörnu verslun

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

**www.svefn.is**

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum